



**SKOÐUN** Pútín hertók Krím-skagann því hann vildi það, skrifar Pawel Bartoszek. 19



**MENNING** Stórmellurinn Furðulegt háttalag hunds um nótt frumsýndur á morgun. 28



**LÍFIÐ** Lóa Hjálmtýsdóttir opnar sýningu í Borgarbókasafni í dag. 46



**SPORT** Sverrir Pór ósáttur við KKÍ og sagði upp sem landsliðsþjálfari 40



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

7. mars 2014  
56. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

LÍFIÐ



## 15 flutningar á 15 árum

Eik Gísladóttir er nýflutt heim eftir 15 ára dvöl í útlöndum ásamt eiginmanni sínum, Heiðari Helgusyni. Hún segir frá fótballtálfínu á Englandi og léttninum yfir að vera komin heim í forsíðuviðtali Lífsins.

## FRÉTTIR

**Nettar hendur í skóm** Konum hefur fjölgað í stétt skósmíða. Segja nettar hendur henta vel í skósmíði. 2

**Biðin í borginni erfið** Hælisleitandi frá Gana segir vistina í Reykjavík góða, en biðin sé jafn erfið og í Reykjanestöðum. 8

**Vilja slíta tengslin** Atkvæðagreiðsla verður haldin á Krímskaga þar sem kosið verður um hvort slíta eigi tengslin við Úkraínu. 12



Bolungarvík	0°	SA 6
Akureyri	0°	SA 4
Egilsstaðir	0°	SV 4
Kirkjubæjarkl.	0°	V 3
Reykjavík	1°	SA 7

**Hvessir SV- og V-til**, 13-18 m/s þar síðdegis en hægari N- og A-til. Slydda eða el S- og V-til en nokkuð bjart N-lands. Hiti víða um frostmark en vægt frost inn til landsins. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk



# Milljarða halli á landbúnaðinum án styrkja

Árlegur halli landbúnaðarins fyrir styrki nemur fimm til átta milljörðum segir hagfræðiprófessor. Hugsað um neytendur segir formaður Bændasamtakanna.

**LANDBÚNAÐUR** Árlegur rekstrarhalli landbúnaðarins nemur um fimm til átta milljörðum króna sé ekki tekið tillit til framleiðslu-styrkja frá hinu opinbera. Þetta kemur fram í grein sem Þórólfrur Matthíasson hagfræðiprófessor ritar í nýjasta tölublaði efnahags-ritsins Vísbendingar.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að það sé alltaf horft á bændur þegar talað er um stuðning við landbúnaðinn, það sé aldrei horft á neytendur.



SINDRI SIGURGEIRSSON

„Ef framleiðslustyrkja nyti ekki við myndu landbúnaðarvörur hér á landi kosta mun meira en þær gera í dag,“ segir Sindri.

Hann segir að ef engir væru framleiðslustyrkir yrði að velta öllum kostnaði út í verðlagið ásamt launum bænda. „Þetta sýnir að í landbúnaðarkerfinu er líka hugsað um neytendur, ekki bara framleiðendur,“ segir Sindri.

Þórólfrur segir að tölurnar afhjúpi svo að ekki verður um

villst að tolla-, hafta- og bannstefna, sem fylgt hefur verið frá því um 1930 þegar innflutningur á landbúnaðarafurðum var bannaður, hafi skilað minni en engum árangri. „Mál er að linni. Mál er að gjörbylta landbúnaðarkerfinu,“ segir Þórólfrur.

Sindri segir að tollar séu mikilvægir fyrir landbúnaðinn. „Ef verndartolla nyti ekki við væri staðan allt önnur fyrir bændur. Hlutverk þeirra er að vernda innlenda framleiðslu, þess vegna er þetta kallað tollvernd,“ segir Sindri.

- jme, ókr / sjá síðu 4

## Ekkert samráð á Alþingi: Á skjön við gefin fyrirheit

**ALÞINGI** „Þetta er á skjön við það sem talað var um í síðustu viku,“ segir Róbert Marshall, formaður þingflokks Bjartrar samtíðar. Stjórnarflokkarnir hafa ekki enn rætt við stjórnarandstöðuna um hvernig hægt sé að ná sátt um ESB-tillögur á Alþingi.



RÓBERT MARSHALL

Þegar hlé var gert á fundum Alþingis fyrir viku var það gert með fyrirheitum um að vikan sem nú er að líða yrði notuð til að ná fram einhvers konar sátt. „Ríkisstjórnin ræður ferðinni í þessu máli. Það er sorglegt ef hún ætlar ekki að reyna að brúa bil og skapa sátt í ESB-málinu,“ segir Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar.

- jme / sjá síðu 2



**VILJA VERA MIÐSVÆÐIS** Það þarf ekki langan tíma í umferðinni til og frá miðborginni á háannatíma til að átta sig á því hvers vegna ungt fólk vill í sífellt meiri mæli búa í eða nærri miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

## Skortur á húsnæði næstu ár: Þarf um 5.000 leiguíbúðir næstu þrjú ár

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæta þarf við á fimmta þúsund leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu til að anna eftirspurn á næstu árum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Capacent sem lögð var fyrir borgarráð í gær.

Þörf er fyrir á bilinu 2.088 og 4.089 leiguíbúðir í Reykjavík. Í skýrslunni segir að ungur aldur, lágur tekjur og litlar íbúðir ein-kenni þá sem vilji búa í miðbæ Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg mun bregðast við með því að skipuleggja lóðir fyrir leiguhúsnæði segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Við reynum líka að finna lóðir sem borgin getur lagt fram undir leiguíbúðir, helst miðsvæðis þar sem eftirspurnin er mest og unga fólk vill vera.“

- ókr / sjá síðu 6



Paratabs®

Actavis

## Ísland vildi samþykkja sáttatillögu ESB en Norðmönnum varð ekki hnikað: Makrílkvótinn um 130.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgefinn makrílkvóti íslenskra skipa fyrir komandi vertíð verður svipaður eða sá sami og undanfarin tvö ár, eða um 130 þúsund lestir.

Íslendingar voru tilbúnir til að samþykkja heildarveidi umfram 890 þúsund tonna ráðgjöf Alþjóðahafsrannsóknaráðsins til að höggva á hnútinn í makríldeilunni á nýloknum fundi í makríldeilunni í Skotlandi. Sögulegt tækifæri til að ná samningi um veiðarnar hefur runnið úr greipum.

Þetta staðfestir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra en tillaga ESB var sú sama hvað varðar hlutdeild Íslands – 11,9%. „Þetta þótti ekki fráleitt

til að ljúka samningi til eins árs, með því skilyrði að ráðgjöf ICES yrði fylgt á öðru ári. Norðmenn gátu ekki sætt sig við þetta,“ segir Sigurður.

Sigurður segir að nú verði lagt yfir að ákveða afla íslenskra skipa fyrir komandi vertíð. Hann svarar því játandi að áþekkar aflaheimildir verði gefnar út og í fyrria.

„Jú, það er rökrétt að draga þá ályktun. Eins og ég hef bent á, og miðað við að ráðgjöf ICES er 64% hærri en á fyrria ári, þá gætu allar þjóðir veitt það magn sem þær veiddu árið áður, og við þar með það magn sem við höfum veitt síðustu tvö ár,“ segir Sigurður.



Þetta þótti ekki fráleitt til að ljúka samningi til eins árs, með því skilyrði að ráðgjöf ICES yrði fylgt á öðru ári. Norðmenn gátu ekki sætt sig við þetta.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra

Íslenski flotinn hefur veitt 140.000 tonn og riflega það í íslenskra lögsögu vertíðirnar 2012 og 2013. - shá / sjá síðu 10



Aukakílóin burt! á heilsusamlegan hátt

Kynningartilboð!

natures aid Raspberry Ketones ADVANCE 400mg with Green Tea 60 CAPSULES

gengurveit.is





# Til hamingju með Búðarhálsstöð

Um leið og við óskum Landsvirkjun til hamingju með gangsetningu Búðarhálsstöðvar þann 7. mars þökkum við gott og árangursríkt samstarf við hönnun og verkefirlit með framkvæmdunum.



ENNEAM / SA - INAR096

SVONA ERUM VIÐ



6.307 erindi bárust Neytendasamtökunum á síðasta ári.

Flest erindin, 3.694 talsins, voru kvartanir neytenda vegna vöru eða þjónustu.

Heimild: Neytendasamtökin

Hæstiréttur dæmir karlmann í tólf mánaða fangelsi, þar af ný skilorðsbundna:

Mildar dóm fyrir mök við dreng

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í tólf mánaða fangelsi, þar af ný skilorðsbundna til þriggja ára, fyrir að hafa tvisvar haft kynferðismök við fjórtán ára pilt, gegn greiðslu.

Honum var einnig gert að greiða piltinum 600 þúsund krónur í miskabætur.

Héraðsdómur Vesturlands hafði áður dæmt manninn til 18 mánaða fangelsisvistar, en þar sem mikil töl varð á því að Hæstarétti bærust málgögnin mildaði Hæsti-

réttur fangelsisdóminn yfir manninum.

Réttargæslumaður drengsins krafðist miskabóta að fjárhæð 1,6 milljón krónur auk vaxta fyrir hans hönd. Dómurinn ákvað þó að bæturnar yrðu 600.000 krónur.

Einn dómara skilaði sér- atkvæði þar sem hann vildi að drengurinn fengi 300 þúsund krónur í skaðabætur. Ástæða þess er að pilturinn mun sjálfur hafa haft frumkvæði að samskiptum við manninn.



ÁRS FANGELSI Hæstiréttur mildaði dóm yfir manni sem hafði samræði við ungan dreng og greiddi honum fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breiðholtsskóli fær peninga: 150 milljónir til endurbóta

REYKJAVÍK Borgarráð hefur samþykkt að verja 76 milljónum króna til viðhalds og endurbóta á Breiðholtsskóla, 20 milljónum til endurnýjunar á búnaði og sex milljónum til endurnýjunar á sundlaug skólans.

Áður hafði verið samþykkt að verja 50 milljónum króna í endurgerð lóðar skólans. Samtals er því gert ráð fyrir framkvæmdum við húsnæði og lóð Breiðholtsskóla fyrir 152 milljónir á næstunni.

- sks

Nýr formaður í Hörpu:

Einn tilnefndur til formanns

REYKJAVÍK Borgarstjóri Reykjavíkur og fjármálaráðherra hafa sam-mælt um að tilnefna Guðfinnu S. Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra og fyrrverandi alþingismann, sem næsta formann stjórnar Hörpu.



GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR

Tónlistarhúsið er í eigu ríkis og borgar. Guðfinna verður formlega kosin á hluthafafundi 13. mars.

Hún var fyrsti rektor Háskólans í Reykjavík og sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 2007-2009. Guðfinna er meðeigandi og stjórnandi í LC Ráðgjöf.

- jme

Píratar með stofnfund:

Hyggja á framboð í Árborg

STJÓRNMÁL Píratar hyggja á framboð í Árborg í komandi sveitarstjórnarkosningum og halda stofnfund á morgun.

Fram kemur í tilkynningu að Píratar hafi fundið hljómgrunn fyrir hugmyndafræði sinni sem byggist á auknu gagnsæi, upplýsingafrelsi og borgararéttindum.

Telja Píratar sig eiga góða möguleika í kosningunum og segjast þeir ekki munu skorast undan kalli fólksins.

- þj

LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að ályktað hafi verið að Búnaðarþingi um vanrækslugjöld fyrir þá sem mæta of seint með bíla í skoðun. Rétt er að fjallað var um málið í nefnd en það var aldrei afgreitt frá nefndinni og aldrei var ályktað um það.

Hagfræðingur segir mál að gjörbylta landbúnaðarkerfi

Íslenskur landbúnaður verið rekinn með miklum halla síðustu ár hefði ekki komið til framleiðslustyrkja ríkissjóðs. Í samantekt Þórólfs Matthíassonar prófessors kemur fram að meðalhalli sé 5 til 8 milljarðar króna á ári.

Þetta þýðir að framlag vinnuafslins til hreins vinnsluvirðis án framleiðslustyrkja er minna en ekki neitt!

Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor

VIÐSKIPTI Árlegur rekstrarhalli landbúnaðarins nemur um 5-8 milljörðum króna sé ekki tekið tillit til framleiðslustyrkja frá hinu opinbera. Þetta kemur fram í grein sem Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor ritar í nýjasta tölublað efnahagsritsins Vísbendingar.

Þórólfur stýðst við gögn frá Hagstofu Íslands, sem fékk styrk

frá Evrópusambandinu til að efla tölfræðivinnslu tengda landbúnaði.



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

„Tölurnar afhjúpa svo að ekki verður um villst að tolla-, hafta- og bannstefna sem fylgt hefur verið frá því um 1930 þegar innflutningur á landbúnaðarafurðum var bannaður hefur skilað minni en engum árangri,“ segir Þórólfur í grein sinni. „Mál er að linni. Mál er að gjörbylta landbúnaðarkerfinu.“

Hann bendir á að um langt árabíl hafi landbúnaðartölfræði verið unnin af Búnaðarfélagi Íslands eða undir handarjafi félagasamtaka bænda. „Þessi sömu samtök hafa staðið í margháttuðu stappi við stjórnvöld, sömdu um niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur, geymslugjöld og vaxtakostnað. Nú er samið um beingreiðslur og kvótasetningu,“ segir hann og bendir á að allir byggji þessir samningar á umfangsmikilli gagnasöfnun og gagnavinnslu. „Gagnavinnslan hefur væntanlega mótast

af þörfum og hagsmunum bænda en ekki miðað að því að skaffa bókhöldurum þjóðarhags sem bestar upplýsingar.“ Fyrstu niðurstöður gagnavinnslu Hagstofunnar hafi hins vegar verið að tínast inn.

Þórólfur bendir á að hallinn á rekstri landbúnaðarins, að fráteknum styrkjum, hafi verið langmestur, 30 milljarðar króna, árið 2008. Árið sé hins vegar afbrigðilegt vegna gjaldfærsluáhrifa gengis á höfuðstól gengisbundinna lána.

Fram kemur í grein Þórólfs að í venjulegu árferði sé nettó fjármagnskostnaður landbúnaðarins í kringum fimm milljarðar króna. Árin sem undir séu í grein hans nemi hins vegar nettó fjármagnskostnaður hærri upphæð en hreint vinnsluvirði án styrkja. „Það þýðir að bændur nota hluta af framleiðslustyrkjum til að greiða vexti af lánum.“

Þá séu greiðslur neikvæðar sé litið til atvinnurekstrar og launagreiðslna án framleiðslustyrkja. „Þetta þýðir að framlag vinnuafslins til hreins vinnsluvirðis án framleiðslustyrkja er minna en ekki neitt! Framleiðni vinnuafsls í landbúnaði er ekki bara litið, það er neikvætt!“

olikr@frettabladid.is



RÉTTIR Hagstofan er í nýrri grein í Vísbendingu sögð hafa unnið gott starf á sviði landbúnaðartölfræði. Enn sé þó mikið verk óunnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Landbúnaðarframlag og skipting\*

Table with 8 columns: Year (2007-2013) and 8 rows of economic indicators like Hreint vinnsluvirði, Laun greidd launþegum, Nettó fjármagnskostnaður, etc.

\*Á verðlagi ársins 2013, í þúsundum króna.

Advertisement for HEYRNARSTÖÐIN featuring a man with a megaphone and the slogan 'ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING'. Includes contact info for Kringlunni.

Veðurspá



ENN PÁ VETUR þó að íbúar SV-lands hafi verið farnir eygja vorið. Vaxandi A-átt á morgun með úrkomu um mest allt land síðdegis, einkum SA- og A-til. Snjókoma N- og A-til á sunnudag en él eða slydda annars.

Table of international temperatures for cities like Alicante, Basel, Berlin, Gautaborg, London, etc.

Weather forecast for the next day (morgun) and Sunday (Sunnudag) with temperature and wind speed predictions. Includes a small photo of Snjólaug Ólafsdóttir.




# Danskir dagar





# „Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

**Ein mikilvægasta ákvörðunin** sem við tökum er að fjárfesta í íbúð. Þess vegna skiptir máli að hafa fjölbreytta valkosti og góða ráðgjöf í takt við ólíkar þarfir. Kynntu þér allt sem skiptir máli um íbúðalán á [landsbankinn.is/istuttumali](https://landsbankinn.is/istuttumali)



Ýr Káradóttir  
Viðskiptavinur Landsbankans



## Kynferðisbrotamál óhaggað: Sagði rannsókn lögreglu áfátt

**DÓMSMÁL** Maður sem dæmdur var í átta ára fangelsi árið 2009 fyrir að hafa haft samræði við stjúpóttur „nokkuð reglulega“ um þriggja ára skeið fær mál sitt ekki tekið upp aftur samkvæmt úrskurði endurupptökunefndar. Maðurinn kvað lögreglu hafa lagt mikla áhersla á að sanna sekt hans í stað þess að vinna að því að hið rétta kæmi í ljós. Lögregla hafi hunsað atriði sem hann taldi mundu varpa rýrð á framburð stjúpótturinnar.

## Vegagerðin segist hafa rökstutt lengingu garðs við Markarfljót en gefur eftir: Engin lenging í óþökk íbúanna

**FRAMKVÆMDIR** Vegagerðin ætlar ekki að lengja leiðgarð vestan 250 metra nema landeigendur og íbúar austan árinna samþykki. Eins og fram hefur komið á lenging garðsins að minnka sandburð úr Markarfljóti inn í Landeyjahöfn. Þeir sem búa austan árinna telja að þetta muni beina fljótinu enn frekar að löndum þeirra með tilheyrandi skemmdum og hættu. „Í tvígang hafa verið haldnir fundir með landeigendum og sveitarstjórn þar sem áform um lengingu leið-

garðs hafa verið kynnt og rædd. Þar hafa komið fram áhyggjur landeigenda og íbúenda um að Markarfljót kynni að hlaupa til austurs og að landeigendur á svæðinu gætu orðið fyrir skaða,“ segir í svarbréfi til mótmælendanna frá Vegagerðinni sem kveðst hafa fært rök fyrir því að aðgerðir niðri við ós hefðu ekki áhrif langt upp eftir fljóti. „Vegagerðin mun hins vegar ekki fara í umrædda framkvæmd í óþökk landeigenda og lögheimilisíbúa,“ segir í bréfinu.



**ÓS MARKARFLJÓTS** Sandburður er viðvarandi vandi í Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Áskorun frá Fljótisdalshéraði: Vegum verði haldið opnum

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórn Fljótisdalshéraðs hvetur Vegagerðina til að afturkalla þá ákvörðun að skerða vetrarþjónustu á Möðrudals- og Mývatnsöræfum vegna mikils fannfergis. Ákvörðunin hafi þegar valdið þjónustuaðilum og íbúum á svæðinu töluverðum vandræðum. Í bókun segir að tengingar við heilbrigðisstofnanir séu takmarkaðar og dagvöru- og fiskflutningar hafi riðlast vegna ákvörðunar Vegagerðarinnar.



**ÁTÖK** Lögregla skýtur táragsi í átt að mótmælendum í Venesúela. MYND/AP

## Mótmælaalda vegna versnandi efnahags heldur áfram: SP vill svar frá stjórn Venesúela

**SVISS, AP** Sex sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa krafist svara frá stjórnvöldum í Venesúela vegna harðra viðbragða þeirra við mótmælunum sem hafa verið í landinu. Í bréfi sem þeir skrifuðu til stjórnvalda krefjast þeir „skjóttra útskýringa á ásökunum um handahófskenndar fangelsanir og óhóflega beitingu valds og ofbeldis gegn mótmælendum, blaðamönnum og öðru fjölmíðlafólki“. Versnandi efnahagur Venesúela ýtti undir mótmælaöldu um miðjan febrúar gegn Nicolas Maduro, forseta landsins, þar sem tugir manna féllu.

### LÖGREGLUMÁL

#### Sköfuslóði sektaður

Lögreglumenn á Suðurnesjum sektuðu í gær ökumann sem hafði ekki skafið nægilega vel af bíl sínum áður en hann ók af stað. Einungis var rúmlega lófa-stórt svæði á framrúðu snjólaust. Lögregla segir í tilkynningu að þetta athæfi skapi mikla hættu fyrir ökumanninn og aðra samborgara hans í umferðinni.

### BYGGÐAMÁL

#### IPA-samningur efndur

Háskólafélag Suðurlands hefur fengið samþykkt að 78 milljóna króna IPA-samningur um verkefnið Katla Geopark verði efnt. ESB hætti við að úthluta styrkjum vegna þess að hlé hafði verið gert á aðildarviðræðum. Í verkefninu felst uppbygging innviða ferðamanna-staða á Suðurlandi.

# Vistin í borginni ágæt en biðin er jafn erfið

Hælisleitandi frá Gana flutti ásamt tugum annarra í sömu stöðu til Reykjavíkur frá Reykjanesbæ og segir nokkurn mun þar á. Biðin eftir úrlausn mála er honum þó erfið þrátt fyrir það, en sjö ár eru síðan hann yfirgaf föðurland sitt.

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðstæður hælisleitenda sem fluttu frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur eftir áramót í kjölfar undirritunar þjónustusamnings þess efnis við borgina, eru talsvert betri enda meira við að vera. Biðin eftir úrlausn mála er engu að síður jafn erfið.

„Þetta er allt í lagi, við höfum það ágætt en samt ekki. Við erum hér núna en vitum ekkert hvað verður á morgun. Við erum í sömu stöðu og áður þannig séð.“ Þetta segir Christian Kwaku Boadi, 35 ára Ganabúi, sem sótti hér um hæli við komuna til landsins fyrir réttu ári.

Hann var búsettur í Reykjanesbæ, líkt og aðrir hælisleitendur sem komu hingað til lands, allt þar til í janúarmánuði þegar hann flutti til Reykjavíkur þar sem hann býr nú ásamt þremur öðrum hælisleitendum í íbúð í austurborginni. Þessi vistaskipti voru í tengslum við samning milli Reykjavíkurborgar og innanríkisráðuneytisins, sem gekk í gildi um áramót, um að borgin myndi þjónusta um fimmtíu hælisleitendur.

Christian segist hafa lent í vandræðum í föðurlandi sínu og þess vegna hafi hann, árið 2007, yfirgefið föðurland sitt.

„Ég fór til Ítalíu þar sem ég fékk dvalar- og atvinnuleyfi og hóf nám.“ Eftir að náminu lauk gekk honum ekkert að finna sér vinnu og gat því ekki séð sér farboða. „Þess vegna ákvað ég að koma hingað til Íslands til að leita hælis og ég vil alls ekki fara aftur til Ítalíu.“

Christian er sáttur við flutn-



**ÁRSLÖNG BIÐ** Christian flutti frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur í janúar og segir fjölmennið léttu vistina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ingana í borgina, eins langt og það nær, enda er meira við að vera í borginni.

„Við getum rölt um, farið á söfn og fleira og verið innan um fólk,“ segir hann og bætir við aðspurður að það sé ólíkt auðveldara að falla inn í fólksfjöldann í borginni heldur en í Reykjanesbæ. „Í Keflavík var oft horft einkennilega á okkur þegar við vorum úti í bæ, en hér í borginni er það síður þannig. Fólk er almennt ekkert að gefa sér hvað maður er að gera hér á landi eða hvernig maður kom hingað.“

Christian segir að biðin sé erfið. „Þeir segja að mál mitt heyri undir Dyflinnarreglugerðina og þess vegna sé ekki hægt að samþykka

„Í Keflavík var oft horft einkennilega á okkur þegar við vorum úti í bæ, en hér í borginni er það síður þannig.“

Christian Kwaku Boadi

umsóknina mína, en nú er þetta komið fyrir innanríkisráðherra og ég bið eftir þeirri niðurstöðu. Þó ég hafi það ágætt þannig séð og fái hér mat og húsaskjól, er þetta erfitt. Ég er manneskja og það er erfitt að sitja hér og hafa lítið fyrir stafni, á meðan ég hugsa til dætra minna tveggja heima í Gana.“

thorgils@frettabladid.is

Hef opnað stofu í Lífsteini, Álftamýri 1-5, Reykjavík

Tímarpantanir alla virka daga í síma 530-8300

**Ragnheiður Árnadóttir læknir**  
Sérgrein: Kvensjúkdómar og fæðingarhjálp



# Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur



Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

**SENSODYNE**





# „Besti smábíllinn“

## Ford Fiesta.

Annað árið í röð seldist Ford Fiesta betur í Evrópu en nokkur annar smábíll. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju mikils og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílblaðs heims, Auto Express.

**Beinskiptur frá 2.450.000 kr.**

**Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.**



[ford.is](http://ford.is)

50 ári bilgraininni



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar. Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO<sub>2</sub> gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í staði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Norðmenn slógu á sáttahönd ESB

Evrópusambandið lagði fram málamiðlun í makríldeilunni sem Ísland og Færeyjar samþykktu. Norðmenn höfnuðu leið ESB. Sögulegt tækifæri til sáttu í makríldeilunni er runnið mönnum úr greipum, er almennur skilningur á viðræðuslitum í Skotlandi á miðvikudag.

Árangurslausar samningaviðræður strandríkjanna um stjórn veiða á makríl þýða að sögulegt tækifæri hefur runnið mönnum úr greipum við að ná niðurstöðu í deilunni. Ekkert bendir til annars en veiði úr stofninum í sumar verði 400 til 500 þúsund tonn yfir ráðgjöf



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES), enda ljóst að strandríkin, Norðegur, Færeyjar, ESB auk Íslands, munu setja sér makrílkvóta einhliða fyrir vertíðina í sumar. Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra sagði í tilkynningu á miðvikudagskvöld að niðurstaðan væri mikil vonbrigði, og útséð um að samningur náist á þeim grundvelli sem lá fyrir milli Íslands og ESB í haust. Þá var samkomulag um sjálfbærar veiðar í takt við ráðgjöf ICES, og að Ísland fengi 11,9% í sinn hlut. „Evrópusambandið tók að sér að fylgja málinu eftir gagnvart Noregi. Norðmenn hafa því miður komið í veg fyrir að þetta samkomulag næði fram að ganga, ekki síst með ósveigjanlegri og örökstuddri kröfu um veiðar langt umfram vísindalega ráðgjöf,“ sagði ráðherra og vísar til þess að Norðmenn vilja að aflaheimildir strandríkjanna miðist við 1,3 milljónir tonna, sem er 400.000 tonn yfir ráðgjöf ICES.

Í fréttatilkynningu sem birtist á heimasíðu framkvæmdastjórnar

Evrópusambandsins í gær kemur fram að fulltrúar ESB við samningaborðið lögðu fram málamiðlunartillögu sem var samþykkt af Íslendingum og Færeyingum, en Noregur hafnaði alfarið.

## Sögulegt tækifæri forgörðum

Sigurður segir í viðtali við Fréttablaðið að tillaga ESB hafi verið sú sama og áður hvað varðar hlutdeild Íslands – 11,9%. Hins vegar hafi tillagan gert ráð fyrir nokkru meiri heildarveiði, sem Ísland hafi verið tilbúið að samþykkja til að höggva á hnútinn. „Þetta þótti ekki fráleitt til að ljúka samningi til eins árs, með því skilyrði að ráðgjöf ICES yrði fylgt á öðru ári. Norðmenn gátu ekki sætt sig við þetta,“ segir Sigurður og jatar því að Norðmenn standi fastir á því að veiðin verði 1,3 milljónir tonna í ár. „Hér hefur tapast sögulegt tækifæri til að ná niðurstöðu í deilunni,“ segir Sigurður um niðurstöðu fundarins og tillögu ESB en bætir við að Norðmenn hafi aldrei sætt sig við þá hlutdeild sem Ísland hafði náð samkomulagi um við ESB. „ESB hefur verið tilbúið að teygja sig langt í áttina til Norðmanna með heildarveiðina, en langt umfram það sem við höfum getað sætt okkur við.“

Sigurður bætir við að markaðir þoli ekki það magn sem Norðmenn vilja veiða, og ósamkomulag á milli Noregs og ESB um fiskveiðar greiði heldur ekki fyrir. „Þess utan hafa Norðmenn látið í það skína að kröfur Grænlandinga standi í vegi fyrir samningum, en það var fyrst og

fremst hitt, að þeir féllu aldrei frá kröfu um 1,3 milljóna tonna veiði og sættu sig aldrei við hlutdeildina sem ESB bauð Íslandi.“

## Veidum svipað magn

Atvinnuvegaráðherra tilkynnti í byrjun febrúar í fyrra um 123 þúsund tonna makrílkvóta, eða um 16% af heildarveiðinni (við lok vertíðar höfðu þó 154 þúsund tonn komið á land, þar af 11.000 tonn í grænlandskri lögsögu). Það var um 15% minni kvóti en árið áður og var ráðgjöf ICES fylgt. ESB og Noregur höfðu áður úthlutað sér rúnum 90% af ráðlögðum afla sem var 542 þúsund tonn, og ætluðu Íslandi, Færeyjum, Rússlandi og Grænlandi því innan við 10% af ráðgjöfinni eða um 52 þúsund tonn. Allt rann þetta í sama farvegi og árin á undan og hefur heildaraflinn í makrílveiðunum því verið um 900.000 tonn á undanföllum árum, langt yfir ráðgjöf. ICES gefur nú út ráðgjöf sem miðast við meðalveiði þriggja síðustu ára, en ekki rannsóknir og mat á stofnstærð eins og fyrri ár.

Sigurður segir að nú verði lagst yfir að ákveða afla íslenskra skipa fyrir komandi vertíð. Hann svarar því játandi að áþekkar aflaheimildir verði gefnar út. „Jú, það er rökrétt að draga þá ályktun. Eins og ég hef bent á, og miðað við að ráðgjöfin er 64% hærri en á fyrra ári, þá gætu allar þjóðir veitt það magn sem þær veiddu árið áður. Þar með við það magn sem við höfum veitt síðustu tvö ár,“ segir Sigurður.

svavar@frettabladid.is



Á VEIÐUM Gríðarleg verðmæti eru fólgin í makrílveiðunum, en útflutningsverðmæti vertíðar hleypur á tugum milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

## → Stofninn allt að 8,8 milljónir tonna

Mælingar á útbreiðslu makríls í fyrrasumar benda eindregið til þess að stofninn sé miklu stærri en mælingar undanfarinna ára hafa gefið til kynna.

- Niðurstöður togveiðileiðangurs Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga í júlí og ágúst bendir til að stofninn sé 8,8 milljónir tonna, en mældist rúmlega fimm milljónir tonna árið á undan með sömu aðferðafræði. 1,5 milljónir tonna mældust innan íslensku lögsögunnar, sem er mesta magn sem mælt hefur verið við Ísland eða 17,2% af heildinni. Innan norsku lögsögunnar mældist mest, 3,4 milljónir tonna eða 38,5%. Hér verður að slá þann varnagla að í mæliaðferðinni, trollveiðum, felst mikil óvissa.
- Mat ICES hefur byggst á makríleggjamælingum, til mats á stærð hryngningarstofns, og aflatölum. Hins vegar er almennt viðurkennt að aflatölur um langan tíma eru ónothæfar vegna vanskráningar. Er ekki talið ólíklegt að makrílafli hafi verið helmingi, sumir segja fjórfalt, meiri en aflatölur frá árunum 1972 til 2005 gefa til kynna.
- Aflaráðgjöf ICES fyrir næstu vertíð var því millileikur á meðan þess er beðið að áreiðanlegri aðferðafræði við aflaráðgjöf er þróuð, og það ICES strandríkin að sýna þolinmæði á meðan á því stæði.



Confidence in Motion

## VELDU GÓÐAN BÍL

### Subaru Forester 2.0 PREMIUM

Verð: 5.690.000 kr.

6,5 l / 100 km

í blönduðum akstri



### SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERDU ÖRUGG BÍLAKAUP KAUPTU SUBARU!



ENMEM / SIA / NMB177



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**AEG**  
T-61270AC Barkalaus þurrkari  
Barkalaus þéttþurrkari með fullkomnum rakaskynjara og 14 mismunandi þurrkerfum.  
✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.  
✓ LCD skjár sem sýnir afgangstíma.  
✓ Hljóðmerki þegar þurrki lýkur.  
✓ Möguleiki á framstilltri ræsingu.  
✓ Tromla snýst til beggja átta.  
✓ Tekur allt að 7 kg.  
✓ Fjöldmörg sérkerfi fyrir nær allar gerðir af tæni.  
✓ Niðurkæling á þvotti.  
✓ Orkuflokkur B.  
✓ Fullt verð kr. 137.900

Þú getur treyst AEG

KYNNINGARVERÐ KR.  
**84.900**  
SPARAÐU 30.000

AAA EINKUNN  
HLJÓÐ-LÁT  
0000  
HRAD-VAL

**AEG**  
F-45500W0 Uppþvottavél  
Sparneytin og vönduð AEG vél með öllum helstu þvottakerfum á áður óséðu verði!  
✓ 4 þvottakerfi þ.á.m. AUTO, 30 mínútna hraðkerfi, sparnaðarkerfi og 70°C pottakerfi.  
✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk.  
✓ Skjár sem sýnir tímalengd þvottakerfis og niúrtalningu.  
✓ Framstillt ræsing möguleg um 1-24 klst.  
✓ MultiTab val fyrir uppþvottatöflur.  
✓ Hljóðlát, 49 dB(A).  
✓ HxBxD: 81,8-88x59,6x59 cm.  
✓ Til innbyggingar, afhent án toppplötu.  
✓ Fullt verð kr. 114.900

**AEG**  
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KR.  
**99.900**  
SPARAÐU 38.000

XL 7 KG  
BARKA-LAUS  
RAKA-SKYNJARI  
0000

**50% AFSLÁTTUR**

**SAMSUNG**  
SC-5610 Ryksuga  
Vönduð heimilisryksuga með 9,5 metra vinnuradius.  
✓ Oragnasía og 3,5 lítra poki.  
✓ Stálskaft.  
✓ Lárétt / lóórétt geymslustaða.  
✓ Fjölnota ryksugupoki fylgir.  
✓ Fullt verð kr. 19.990.

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KR.  
**9.995**  
SPARAÐU 9.995

Virkar á allar hellur, líka span

**50% AFSLÁTTUR AF PÖNNUM**

Veldu á milli 12 mismunandi gerða af pönnum, 20, 24, 28 eða 30 cm þvermál. Henta á allar gerðir af hellum, líka span. Tvöföld viðloðunarfrí slitsterk húð. Fást með 2,5 eða 5 mm þykkum botni.

\*\*\*  
**TRISTAR**

**Electrolux**  
ZB-2925 ErgoRapido ryksuga  
Upplíðu þessa einstöku létryksugu með skafti og handryksugu í einu og sama tækinu. Mótordrífinn bursti og góður sogkraftur. Ötrúlega létt og lipur í allri notkun.  
Fullt verð kr. 24.990

**17.990**  
SPARAÐU 7.000

**exquisit**  
KGC-280/70 Kæli- og frystiskápur  
Rúmmál kælis 166 lítrar og 64 lítra frystir  
✓ Orkuflokkur A+  
✓ 3 skúffur í frysti  
✓ Sjálfvirk affrysting í kæli  
✓ HxBxD: 170 x 54,5 x 54,5 cm  
✓ Fullt verð kr. 79.900

170 CM HÁR

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KR.  
**74.900**  
SPARAÐU 15.000

**FÖSTUDAG OG LAUGARDAG!**

**48 TÍMA OFURTILBOÐ**

Þú ræður tímanum!

**Electrolux**  
EWP-1474TDW Þvottavél  
Vinsæl heimilsvél frá Electrolux, hlaðin þægindum og nútíma tækni.  
✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhráði  
✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.  
✓ 0-19 klst framstillt ræsing.  
✓ TimeManager tímastjórnun - þú ákveður þvottatímann - sparaðu allt að 60% tíma.  
✓ A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda  
✓ Fullt verð kr. 119.900.

AAB EINKUNN  
1400 SNÚNINGA  
XL 7 KG  
0000

FÖSTUDAG & LAUGARDAG KR.  
**79.900**  
SPARAÐU 40.000

Með litlu frystihólfi

**exquisit**  
KB-45A Kæliskápur  
Lítil og nettur kæliskápur.  
✓ Rúmmál kælis 40 lítrar.  
✓ Rúmmál frystis 6 lítrar.  
✓ Orkuflokkur A+.  
✓ HxBxD: 51 x 44 x 47 cm  
✓ Fullt verð kr. 29.900.

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KR.  
**22.222**  
25% AFSLÁTTUR

**PRINCESS**  
130100 Vöfflujárn  
Í töff klassísku retró stál útliti frá Princess-Nova.  
✓ Hitastillir.  
✓ Rautt / grænt ljós.  
✓ Fullt verð kr. 9.990

**MALAR ÍS**

FÖSTUDAG & LAUGARDAG KR.  
**4.995**  
50% AFSLÁTTUR

**25% AFSLÁTTUR AF HELLUBORÐUM**

Spanhelluborð og keramik helluborð og hefðbundin helluborð í miklu úrvali. Sjáðu allt úrvalið á [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

Spanhelluborð frá kr. 59.925,-  
Keramik helluborð frá kr. 44.925,-  
Tveggja hellu borð frá kr. 17.125,-

Spanhelluborð frá kr. 59.925

**Electrolux**  
ESB-2300 Blandari Perfect Mix  
Nýr blandari frá Electrolux með glerkónnu og stíglausri hraðastillingu.  
✓ 450W affmikill mótör  
✓ 1,5 lítra glerkanna  
✓ Stíglaus hraðastilling + flýthraðastilling  
✓ Malar klaka og frosin ber.  
✓ Fullt verð kr. 14.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**8.888**  
40% AFSLÁTTUR

**Rafha**

Opið virka daga 9-18 laugardag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500  
[www.rafha.is](http://www.rafha.is)



**BREYTTAR ÁHERSLUR** Hugað verður að orkunotkun í leikskólum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samþykkt í borgarráði: Leikskólar með grænar áherslur

**REYKJAVÍK** Grænar áherslur verða í orkunotkun leikskóla Reykjavíkurborgar, samkvæmt samþykkt borgarráðs.

Starfshópi var falið að skoða orkunotkun og orkunýtingu í leik- og grunnskólabyggingum og leggja fram hugmyndir að bættari nýtingu, hagkvæmni og aukinni meðvitund um orkunotkun.

Hópurinn leggur til að sett verði viðmið um orkunotkun í forsögn fyrir hönnun skólabygginga, að gert verði áttak í úttekt og eftirliti með lagnakerfum skólabygginga, skráningu á orkunotkun og uppfærslu ýmissa gagna um gerð og eiginleika húsnæðis.

- jme

## Kvótinn stendur óbreyttur: Vesturgangan bætir engu við

**SJÁVARÚTVEGUR** Mælingar Hafannsóknastofnunar á vesturgöngu loðnu við Vestfirði gefa ekki tilefni til að auka útgefið aflamark fyrir vertíðina. Mælingar á loðnustofninum leiddu til þess að gefið var út 160.000 tonna aflamark.

Loðnuskípin hafa verið að veiðum á Vestfjarðamiðum undanfarna daga úr loðnugöngu sem þar fannst fyrir í vikunni. Mokveiði var á tímabili og tóku skipin um 20.000 tonn á stuttum tíma.

Enda þótt endanlegum útreikningum sé ekki lokið sýna mælingarnar að ekki sé um að ræða verulegt magn, segir í frétt stofnunarinnar.

- shá

# Sarkozy æfur eftir að franskir fjölmiðlar birtu upptökur ráðgjafa af samræðum forsetahjónanna: Forsetafrúin taldi laun forsetans of lág

**FRAKKLAND** Einn af nánustu ráðgjöfum Nicolas Sarkozy, fyrrverandi Frakklandsforseta, hleraði samtöl forsetans. Samkvæmt upptökunum, sem meðal annars voru birtar á fréttavefnum Atlantico í fyrradag, kvartaði forsetafrúin, Carla Bruni, undan lélegum launum eiginmannsins sem hún taldi að væru hærrí.

Forsetafrúin hafði ekki, frekar en aðrir, hugmynd um að ráðgjafinn, Patrick Buisson, væri með upptökutæki í jakkavasanum.

Þess vegna ræddi hún frjállega um ábatasama auglýsingasamninga sem hún hugðist skrifa undir um leið og forsetatíð makans lyki. Forsetinn ræddi sjálfur um hvernig hann ætlaði að fara að því að græða peninga auk þess sem hann kvartaði undan því hversu lélegir sumir ráðherra hans væru.

Áður en upptökurnar, sem voru hundruð klukkustunda, voru birtar hafði lögreglan lagt hald á þær. Lögregluna grunar að Buisson hafi tekið of hátt verð fyrir skoð-

anakannanir sem forsetinn pantaði af fyrirtæki hans. Upptökurnar, sem flestar eru frá 2011, fundust við húslit í íbúð ráðgjafans.

Haft er eftir vinum forsetans að hann hafi verið öskureiður vegna málsins.

**FORSETAHJÓN** Nicolas Sarkozy og Carla Bruni ræddu meðal annars hvernig þau ætluðu að græða peninga þegar forsetatíð hans lyki.

NORDICPHOTOS/AFP



# Kjósa um að slíta tengslin

Atkvæðagreiðsla verður haldin á Krímskaga 16. mars þar sem íbúar geta kosið um hvort þeir vilja slíta tengsl sín við Úkraínu og sameinast Rússlandi. Ólögleg atkvæðagreiðsla segir bráðabirgðaforsætisráðherra Úkraínu.

**ÚKRÁÍNA, AP** Þingmenn á Krímskaga hafa samþykkt einróma að atkvæðagreiðsla verði haldin sextánda mars þar sem íbúar á svæðinu geta kosið um hvort þeir vilja slíta tengsl sín við Úkraínu og gerast hluti af Rússlandi.

„Þetta eru viðbrögð okkar við skipulagsleysinu og lögleysunni sem ríkir í Kænugarði,“ sagði Sergei Sjúvajníkov, þingmaður á Krímskaga. „Við ætlum sjálf að ákveða hver framtíð okkar verður.“

Arsení Jatsenjúk, bráðabirgðaforsætisráðherra Úkraínu, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sögðu í gær að atkvæðagreiðslan væri ólögleg. Viðbrögð rússneska þingsins eru aftur á móti þau að ef íbúar Krímskaga samþykkja í atkvæðagreiðslunni að verða hluti af Rússlandi muni það leggja fram frumvarp sem myndi flýta ferlinu.

Evrópusambandið hélt neyðarfund í gær vegna ástandisins á Krímskaga. Ákveðið var að hætta umfangsmiklum viðræðum við Rússa um nýjan efnahagssamning og samning um frjálshari ferðir Rússa innan ríkja ESB, vegna þess að Rússar hafa neitad að draga herlið sitt til baka

frá svæðinu. ESB hótaði frekari refsiaðgerðum ef Rússar vilja ekki ganga að samningaborðinu af fullri alvöru. Skömmu áður hafði Bandaríkjastjórn sett hömlur á ferðafrelsi þeirra Rússa og annarra sem eru mótfallnir nýrri ríkisstjórn Úkraínu.

Herman Van Rompuy, forseti Evrópuráðsins, sagði að frekari refsiaðgerðir gætu falið í sér eignafyrstingu og ferðabönn. Hann bætti því við að ástandið í Úkraínu væri „alvarlegasta aðför að öryggi í heimsálfu okkar frá stríðinu á Balkanskaga“.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hafði fyrr um daginn lagt áherslu á að senda þyrfti mjög sterk skilaboð til rússneskra stjórnvalda um að það sem hefði gerst á Krímskaga væri óásættanlegt og ætti að hafa afleiðingar.

Forseti Litháens, Dalia Grybauskaite, var ómyrk í máli um ástandið á Krímskaga. „Rússland er hættulegt í dag,“ sagði hún og varaði við því að Rússar ætluðu að stækka landamæri sín. „Á eftir Úkraínu kemur Moldóva og á eftir Moldóvu koma einhver önnur lönd.“

Rússland er þriðji stærsti við-



**MEÐ SOVÉSKA FÁNANN** Íbúi í borginni Simferopol á Krímskaga heldur á sovéska fánanum fyrir utan þinghús borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## 60 prósent Krímbúa tala rússnesku

Um tvær milljónir manna búa á Krímskaga. Um sextíu prósent þeirra eru rússneskumælandi, en engan veginn er þó víst að þeir vilji allir sameinast Rússlandi. Aðrir íbúar skagans hafa lítinn áhuga á yfirráðum Rússlands. Krímskagi var hluti af rússneska sovétlýðveldinu þangað til hann var færður yfir til úkraínska sovétlýðveldisins árið 1954.

skiptavinur Evrópuríkja og þar af útvega Rússar þeim mest allra af gasi og olíu. Viðskiptahags-

munirnir eru því miklir þegar kemur að ákvörðun um refsiaðgerðir.

frey@frettabladid.is

# VINNUKOLLAR

Ert þú að leita að vinnukolli fyrir heimilið eða vinnustaðinn?  
Fastus býður uppá gott úrval af vinnukollum og stólum  
í öllu stærðum, gerðum og litum.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00  
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



**AFGANSKIR HERMENN** Rannsókn er hafin á því hvers vegna afgönsku hermennirnir féllu. NORDICPHOTOS/AFP

## Afganskir hermenn voru dreppnir í loftárás Nató: Báðust afsökunar

**AFGANISTAN, AP** Fimm afganskir hermenn voru fyrir mistök dreppnir í loftárás Nató í héraðinu Logar í austurhluta Afganistans. Átta hermenn til viðbótar særðust.

„Við getum staðfest að að minnsta kosti fimm meðlimir afganska þjóðarhersins voru fyrir mistök dreppnir í morgun [gærmorgun] á meðan á hernaðaraðgerð stóð í austurhluta Afganistans,“ sagði Cathleen Show, talsmaður alþjóðlega herliðsins í Afganistan. „Rannsókn er hafin til að komast að því hvaða aðstæður leiddu til þessa óheppilega atburðar. Við viljum votta fjölskyldum

hermannanna sem féllu og þeirra sem særðust samúð okkar.“

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur gagnrýnt hversu margir almennir borgarar hafa fallið í árásum alþjóðlega herliðsins og hafa samskipti hans og bandarískra stjórnvalda verið afar stírt undanfarnin ár. Fyrir vikið hefur Karzai ekki viljað undirrita samskiptum við Bandaríkin um að herlið þeirra og Nató-ríkja verði eftir í Afganistan á næsta ári.

Í lok desember eiga alþjóðleg herlið í Afganistan að yfirgefa landið eftir þrettán ára dvöl.

- fb

Bergans

SKOGSTAD

DIDRIKSONS 1913  
Grundfund SWEDENColumbia  
Sportswear Company

# RÝMINGARSALA Á ÚLPUM


Við rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum því 50% afslátt af öllum dömu-, herra- og barnaúlpum. Athugið að úlpurnar eru ekki til í öllum stærðum.



50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
ÚLPUM

AR • LOKADAGAR • LOKADAGAR

OKADAGAR • LOKADAGAR • LO

 **Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

 **Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# nettó

Kræsingar & kostakjör

LAMBAFILLE  
FERSKT  
KÍLÓVERÐ  
ÁÐUR 4.595

**3.998,-**



GRÍSAMÍNÚSTEIK  
FERSKT  
KÍLÓVERÐ  
ÁÐUR 2.198

**1.495,-**

**-32%**



**BODY ATTACK**  
FITNESS SHAKE 400 GR  
SÚKKUL. JARÐARB. VANILLU  
VERÐ PER DÓS  
ÁÐUR 2.798

**2.099,-**

**BODY ATTACK**  
LOW CARB PROTEIN SHAKE  
VERÐ PER STK 250 ML  
ÁÐUR 449

**337,-**

**-25%**



**BODY ATTACK**  
FAT BURNER 2 TEG  
VERÐ PER STK  
ÁÐUR 369

**277,-**

**-25%**



**CRISP PRO**  
PROTEIN BAR  
VERÐ PER STK  
ÁÐUR 398

**299,-**



**-25%**

**PRO PLEX**  
PROTEIN BAR 5 TEG  
VERÐ PER STK  
ÁÐUR 298

**224,-**



**BODY ATTACK**  
HRISTIGLAS  
VERÐ PER STK  
ÁÐUR 998

**749,-**

**BLENDA ÞVOTTAEFNI**  
SENSITIVE 1,17KG  
PAKKAVERÐ  
ÁÐUR 499

**249,-**



**Tilboðin gilda 6. -9. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



KJÚKLINGAVÆNGIR  
HVITLAUKSMARINERADIR  
KÍLÓVERÐ  
ÁÐUR 698

**349,-**

**-50%**



REYKT ÝSUFLÖK  
BEINLAUS MED ROÐI  
KÍLÓVERÐ  
ÁÐUR 2.298

**1.792,-**



FISKIBUFF  
GRÍMS 450 G  
VERÐ PER PAKKA  
ÁÐUR 589

**495,-**



LAMBALÆRI  
ÍSLANDSKRYDDAÐ  
KÍLÓVERÐ  
ÁÐUR 1.794

**1.399,-**



CO-OPERATIVE  
MORGUNVERÐARKÖKUR  
PAKKAVERÐ  
ÁÐUR 359

**269,-**

**-25%**



ORGANIC PIZZUR  
MOZZARELLA/SALAMI  
VERÐ PER PIZZA  
ÁÐUR 579

**498,-**

MARGARITA  
VERÐ PER PIZZA  
ÁÐUR 498

**398,-**



OCEAN SPRAY  
TRÖNBERJASAFI 1 L  
LÍTRAVEÐ  
ÁÐUR 399

**299,-**

**-100KR**



FINISH POWERBALL  
UPPVOTTAVÉLATÓFLUR  
PAKKAVERÐ  
ÁÐUR 1.998

**1.798,-**

GLJÁI  
FYLGR  
FRITT  
MED



AQUAFRESH  
TANNBURSTI OG TANNKREM  
PAKKAVERÐ  
ÁÐUR 499

**399,-**

**-20%**



TÓMATAR  
ÝMSAR TEGUNDIR  
**30%**  
AFSLÁTTUR

TÓMATAR  
ÝMSAR TEGUNDIR  
**30%**  
AFSLÁTTUR

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |







Við hjá ISS Ísland óskum  
Landsvirkjun til hamingju með nýja  
og glæsilega virkjun að Búðarhálsi.

Um leið þökkum við starfsfólki  
ISS fyrir frábært starf við rekstur  
mötuneytis, ræstingu og  
fasteignaumsjón í vinnubúðum.  
Við þökkum Landsvirkjun og  
verktökum þeirra fyrir ánægjulegt  
samstarf.



**Landsvirkjun**

National Power Company of Iceland

**A WORLD OF SERVICE**



Hver dregur mest úr trúverðugleika stjórnvalda?

## Sjálfs er höndin hollust

**S**umir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar hafa látið að því liggja undanfarna daga að fjölmiðlar sýni þá í óhagstæðu ljósi í umfjöllun um hvernig eigi að halda á framhaldi viðræðna við Evrópusambandið. Staðreyndin er þó sú að það eru ráðherrarnir sjálfir og það sem þeir láta út úr sér, sem dregur mest úr trúverðugleika þeirra.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var til dæmis óklipptur í beinni útsendingu í Kastljósinu á þriðjudagskvöldið. Þar sagði hann þrennt, sem allt grefur undan trú almennings á að það sé eitthvað að marka það sem forystumenn ríkisstjórnarinnar segja.

Í fyrsta lagi sagði Sigmundur að það lægi á að drífa þingsályktunartillögu um slit aðildarviðræðanna í gegnum Alþingi af því að íslensk stjórnvöld væru undir svo mikilli pressu frá Evrópusambandinu. Ekki var liðinn sólarhringur þegar talsmenn Evrópusambandsins voru búnir að reka þetta ofan í ráðherrann og afþökkuðu slíkar túlkningar á orðum sínum. Þeir ítrekuðu þvert á móti að þeir hefðu ekki sett neina tímafresti og að ESB væri áfram reiðubúið að halda áfram aðildarviðræðunum við Ísland.

Raunar er undrunarefni að ráðherrann hafi sagt að það væri ESB sem þrýsti á ákvörðun í málinu, því að hið gagnstæða hefur ítrekað komið fram undanfarna mánuði, síðast í umræðum á Evrópuþingi og ályktun þess í janúar. Er ráðherrann svona ólæs á hvað er að gerast í Evrópusambandinu?

Í öðru lagi sagði forsætisráðherrann að Sjálfstæðisflokkurinn hefði enga kröfu gert í stjórnarmyndunarviðræðunum um að staðið yrði við „við munum standa við“-loforðið um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna á fyrri hluta kjörtímabilsins. Það hefði bara eiginlega ekkert komið til tals; stjórnarflokkarnir væru alveg sammála um hvernig ætti að halda á Evrópumálinum.

Í þriðja lagi sagði forsætisráðherrann að það væri ekkert að marka hans eigin undirskrift á bréfi sem hann sendi kjósendum fyrir kosningarnar 2009. Þar kom fram að fordæmi væru fyrir því í samningum annarra þjóða við Evrópusambandið að komið væri til móts við kröfur vegna hagsmuna landbúnaðar og sjávarútvegs og það væri „algerlega rangt að halda því fram að þessar kröfur hamli því að af aðildarsamningi geti orðið“.

„Ég skrifaði ekki þetta bréf og þetta hefur aldrei verið mín afstaða,“ sagði forsætisráðherrann. En hann skrifaði nú samt undir bréfið.

Hvað eiga kjósendur eiginlega að halda þegar þetta bætist við allt annað sem fram hefur komið undanfarna daga um orðheldni og skarpskyggni forystumanna stjórnarflokkanna? Hvaða mark eiga þeir til dæmis að taka á undirskriftum og loforðum í kosningabæklingunum sem væntanlegir eru inn um lúguna frá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna?

Þetta heitir að vera kominn ofan í holu og halda áfram að moka. Alveg hjálparlaust.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉGG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalrestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingargleið fyrir fjölpost sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Lækurinn bakkafulli

Á þessum vettvangi hefur, við lauslega talningu, verið vikið um 50 sinnum að orðum Vigdísar Hauksdóttur þingmanns og formanns fjárlaganefndar Alþingis. Þess vegna gæti mörgum þótt vel í lagt að bæta í þá hít, en hér verður að taka hvert tilfelli fyrir sig.

#### Virðingin og þöggunin

Hér er samsé tilfellið: Téður þingmaður segir í blaðaviðtali að það sé tilraun til þöggunar að Bláðamannafélagið gagnrýni hana fyrir að hvetja auglýsendur til að sniðganga miðla sem fjalla um hana á hátt sem henni er ekki að skapi.

Svo er bætt um betur með því að harma að sá hluti almennra kjósenda sem starfar á Alþingi ávarpi þingmenn beint. Þessi slettirekluhúttur sé einmitt ein birtingarmynd dvínandi virðingar sem almenningur ber til Alþingis á þessum síðustu og verstu.

„Eftir að fjölmiðlar byrjuðu að sparka meira í þingmenn þá fannst mér

viðhorf starfsmanna líka breytast. Það finnst mér óskaplega leiðinlegt og það er eins og þessar gömlu góðu hefðir þingsins hafi ekki skilað sér nógu mikið

inn í nútímann,“ segir Vigdís. Það er spurning hvort starfsfólk þingsins komi ekki bara fram við þingmenn í fullu samhengi við tilefnið.

#### Góðs að vænta

Þessu tengt. Vikuna sem nú er að líða átti að nýta til að ná einhvers konar lendingu milli stjórna og stjórnarandstöðu um ESB-útspil utaríkisráðherra. Ekkert hefur þó verið fundað hingað til og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í útlöndum. Það stefnir því í hressilega umræðu á þingi í næstu viku sem mun eflaust koma til með að auka virðingu og vegsemd þingsins. Eða ekki.

thorgils@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Aukið jafnrétti – aukin hagsæld!

#### JAFNRÉTTI



Soffía Sigurgeirsdóttir í stjórn UN Women á Íslandi

Umræðan um jafnrétti á vinnumarkaði héraðs og á Vesturlöndum endurspeglar ídulega kynbundinn launamun, ójöfn tækifæri og aðgang að stjórnendastöðum fyrirtækja. Þetta er einungis hluti af stóru hnattrænu vandamáli sem er samofið sjálfbærri þróun og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Konur eru helmingur jarðarvinnu á einungis um helmingur kvenna á „vinnuáhrif“ er í launuðu starfi. Framlag kvenna til hagkerfisins í heiminum er gríðarlega mikið, hvort sem það er í viðskiptum, landbúnaði og matvælaframleiðslu, frumkvöðlastarfsemi, sem starfsmenn eða með álunaðri vinnu á heimilinu. Til að mynda sjá konur í Afríku um 80% landbúnaðar- og matvælaframleiðslunnar í álfunni. Bág þjóðfélagsstaða og brot á vinnuréttindum, lögum og reglum hamla framgangi og tækifærum kvenna á atvinnumarkaði.

Fjárfesting í valdeflingu kvenna á atvinnumarkaði hefur jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun, dregur úr fátækt, eflir þjóðfélagsstöðu kvenna almennt og eykur hagvöxt. Þegar fleiri konur vinna og fá laun fyrir þá vinnu, vex hagkerfi heimsins. Samkvæmt rannsóknum þá myndi verg landsframleiðsla Bandaríkja verða um 9% hærra ef launuð vinna kvenna væri til jafns við karla og á evrusvæðinu um 13%

hærra og í Japan um 16% hærra. Framleiðni á hvern starfsmann (GDP) gæti aukist um allt að 40% með því að útrýma launamismun karla og kvenna almennt á vinnumarkaði og hjá stjórnendum. Greining Fortune á 500 stærstu fyrirtækjum heims varpar ljósi á að þau fyrirtæki sem eru með herra hlutfall kvenna í stjórnendastöðum skila hluthöfum 34% meiri arði en þau fyrirtæki sem eru með lágt hlutfall kvenna í stjórnendastöðum.

UN Women er í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á heimsvísu. Jafnréttissáttmáli UN Women og Global Compact var kynntur fyrst á Alþjóðadegi kvenna 8. mars árið 2010. Sáttmálinn samanstendur af sjö viðmiðum sem byggjast á stefnu Global Compact um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Fyrirtæki sem skrifa undir sáttmálann skuldbinda sig siðferðislega að vinna markvisst að auknu jafnrétti á vinnumarkaði. Að stuðla að jöfnum tækifærum kynjanna til atvinnuþátttöku er ekki aðeins siðferðislega rétt – heldur eykur það hagsæld í heiminum.

visir.is

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.



# Sæstrengslausnin

Nú eru liðin tuttugu ár frá því fyrst var hugað að lagningu sæstrengs frá Íslandi til Bretlands til sölu á raforku. Þá – eins og nú – sagðist breskur ævintýramaður vera reiðubúinn að afla fjármuna til þess að greiða kostnaðinn við lagningu sæstrengsins auk þess að segjast hafa tilbúinn markað fyrir orkuna. Við skoðun á málinu kom m.a. eftirfarandi í ljós:

## ORKUMÁL



Sighvatur Björgvinsson  
fv. iðnaðarráðgjafi

eru þær margar, Glasgow-borgirnar. Hvernig sú firra hefur komist inn í hausinn á Íslendingum að íslensk orka muni nánast leysa öll grænorkuvandamál Evrópu er mér hulin ráðgáta.

**4.** Verði lagður sæstrengur þyrfti að virkja öll enn óvirkjuð svæði á Íslandi til þess að framkvæmdir skilaði arði. Orkuvandamál Evrópu yrðu engu að síður þau hin sömu eftir sem áður. Þó Íslendingar séu öllum þjóðum meiri og merkari getur íslenska orkan samt ekki bjargað heiminum. Ekkert fremur en hin íslenska afburðabekking á rekstri banka og fjármálastofnana gat orkað meiru en að setja íslensku þjóðina sjálfa á hausinn og draga velviljaða útlenda lánardrottina með í fallinu.

**5.** Verði sæstrengslausnin valin yrði innan fárra ára engar virkjanlegar en óvirkjaðar orkulindir eftir á Íslandi. Búið verður þá að ráðstafa því öllu til sölu á erlendum markaði um sæstreng og enginn varaforði eftir til framtíðar. Útlendingar myndu líklega segja að slíkt væri í fullu samræmi við þá áráttu Íslendinga að geta aldrei hugsað í öðru en skammtímalausnum. Aldrei séd neina framtíð fyrir sér. En auðvitað hafa útlendingar alltaf rangt fyrir sér.

**6.** Hingað til hefur þjóðin haft áhuga á að nýta sér virkjanlega íslenska orku í landinu sjálfu þannig að virðisaukinn af nýtingu hennar verði eftir í landinu. Verði sæstrengslausnin valin er orkan flutt „önnin“ út og nýting hennar á erlendra grundu myndi þá skapa

→ Sæstrengjalausninni var vikið út af borðinu fyrir tuttugu árum – með glotti.

erlendu vinnuafli tekjur og erlendum stjórnmöldum skatttekjur. Er það auðvitað í fullu samræmi við einlægan áhuga íslensku þjóðarinnar á að Evrópusambandið og þegar þess hafi sem allra mestan ávinning af nýtingu íslenskra auðlinda. Án efa mun núverandi ríkisstjórn vera uppfyll af áhuga á að stuðla að slíkum lausnum, ekki hvað síst þau Sigmundur Davíð, Vigdís Hauksdóttir og Ásmundur Einar.

**7.** Með beintengingu orkusöllumunar við Evrópu myndi hér – eins og í Noregi – hinn íslenski orkusölumarkaður þurfa að laga sig að markaðinum á meginlandi Evrópu. Orkuverðið á Íslandi myndi því verða að hækka til samræmis við það. Formælendur sæstrengjalausnarinnar segjast sjá einfalt ráð við því. Íslenska ríkið eigi þá bara að niðurgreiða orkuna til íslenskra notenda. M.ö.o. íslenskir skattborgarar – sem eru þeir hinir sömu og þurfa að borga til muna hærra orkuverð – eiga þá með hækkingu sköttum að borga sjálfum sér aftur til baka kostnaðinn af sæstrengjalausninni. Þetta myndum við Ísfirðingarnir nefna Münchhausen-lausina – þ.e. að maður eigi að draga sjálfan sig og reiðskjótann með upp úr keldunni á eigin hári.

Sæstrengjalausninni var vikið út af borðinu fyrir tuttugu árum – með glotti. Vonandi er eitthvað af slíkum húmor enn eftir í landinu. Þrátt fyrir hrúnið – eða e.t.v. einmitt vegna þess. Vegna þess er þörfin meiri nú en fyrir tuttugu árum. Þörfin meiri bæði fyrir hugsun – og húmor.

# Hvatningarganga um endómetríósu

Neðangreindar tilvitnanir eru raddir kvenna í Samtökum um endómetríósu, frá árinu 2012.

## HEILSA KVENNA



Silja Ástþórsdóttir  
formaður Samtaka um endómetríósu

„Það er með ólíkindum að fara alltaf á bráðamótöku á mánaðarfresti, alltaf í byrjun tíða, með kvíðverki og læknar setja ekki saman einn plús einn. Ekki hef ég verið fyrsta konan sem hefur komið þarna með svo mikla verki að hvorki er hægt að standa né sitja.“

„Það er ótrúlegt að líta til baka og rifja upp hvernig undanfarin ár hafa verið. Alltaf að fara í búð tímlega. Koma sér fyrir í sófanum með mat, fötu, tölvu, bækur, lyf, nammi, you name it, láta einhvern vita af fyrirhuguðu ástandi, ekki læsa útihurðinni og búa nemendur undir frí (án þess að þeir viti) og svo tilkynna veikindi. Stundum þurfti ég að fá einhverja vinkonu til að kíkja til mín og færa mér gubbufötu, hrökkbraud eða þurr föt. En þær sem hafa komið að manni í þessu ástandi, að vera ósjálfbjarga, þeim verður alveg hroðalega bilt við.“

„Í raun má segja að þetta hafi tekið 30 ár í mínu tilfelli, það var ekki fyrr en ég hafði verið skorin upp vegna legnáms að sjúkdómurinn uppgötvaðist. Skurðlæknirinn (ekki kvensjúkdómalæknir) treysti sér ekki í að ljúka verkinu, „lokaði mér aftur“, hafði „aldrei séd aðra eins samgróninga“ og tilkynnti mér nývaknaðri og vankaðri að ég væri með legslímuflack! Ég hafði aldrei heyrt um það, hvað þá endómetríósu!“

→ Talið er að um 176 milljónir kvenna hafi endómetríósu ...

**Margar birtingarmyndir**  
Endómetríósa á sér margar birtingarmyndir. Í vægum tilfellum finna konur engin einkenni sjúkdómsins meðan aðrar búa við krónískar kvalir með mikilli skerðingu lífsgæða. Með rétttri meðhöndlun er yfirleitt hægt að auka lífsgæði kvenna með endómetríósu verulega og fyrirbyggja frekari framvindu sjúkdómsins. Samtök um endómetríósu hafa bent á hversu stórt skref það væri til bættrar meðhöndlunar, að stofnuð væri göngu-eild fyrir konur með endómetríósu og króníska kvíðarholshverki.

## Of langur greiningartími

Á Íslandi er meðalgreiningartími endómetríósu talinn vera 6-10 ár. Langur greiningartími getur haft margvísleg neikvæð áhrif á heilsu og lífsgæði þeirra kvenna sem sjúkdóminn hafa, enda er aukin fræðsla og styttri greiningartími eitt helsta baráttumál samtaka um endómetríósu víða um heim. Fimmtudaginn 13. mars munu konur með endómetríósu ásamt fjölskyldu og vinum, streyma út á götur í yfir fjörutíu löndum. Talið er að um 176 milljónir kvenna hafi endómetríósu og er tilgangur Million Women March for Endometriosis að vekja athygli á málefnum þeirra. Í Reykjavík hefst gangan kl. 17.00 við Hallgrímskirkju og lýkur með stuttri athöfn við Kvennadeild Landspítalans.



## ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM\*

- Stærri en áður
- Eyðslugrenni en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira

Verð frá: 6.890 þús. kr. sjálfsk.



Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bílanáðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflökki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3000 kg.



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

# SAMSUNG LÆKKAR VERÐ

SAMSUNG

6475 LÍNAN 200 Hz · LED skjár · SMART TV · 3D · Innbyggt þráðlaust net



**Svona eiga  
sjónvörp að vera!**

32" = 154.900

40" = 189.900

46" = 219.900

**UPPSELT 55" = 329.900**

**UPPSELT 65" = 549.900**

Ný sending væntanleg 2. apríl

**Gríptu  
tækifærið!**

**Frábær myndgæði!**



SAMSUNG

## Þvottavélar af bestu gerð

WF600B4BKWQ

- Tekur 6 kg. af þvotti
- Vinduhraði  
allt að 1200 sn./mín.
- Kolalaus mottor
- Verð **96.900.-**

## EcoBubble þvottavél

WF72F5E4P4W

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Vinduhraði  
allt að 1400 sn./mín.
- Kolalaus mottor
- Verð **119.900.-**



SAMSUNG



SAMSUNG

## Frábær þurrkari

DV70F5E0HGW

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Varma dæla
- Orkunotkun A++
- Verð **169.900.-**

Treystu Samsung til að framleiða

## ... afburða upppvottavél

DW-UG721W

- 14 manna stell
- 7 þvottakerfi
- 3 grindur
- Grind efst fyrir hnifapör
- Orkunotkun A++
- Hljóðlát aðeins 44db
- Verð **142.900.-**



SAMSUNG

12 mánaða vaxtalausar  
raðgreiðslur

Sjá nánar: [samsungsetrid.is](http://samsungsetrid.is)

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

**ORMSSON**

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

# Verðlækkun á Pampersbleium í Bónus



**Pampers**

**2598**  
krónur kassinn

**Pampers**

Midi 104 stk. 2598 kr.  
Aðeins **25 KR.STK**

Junior 80 stk. 2598 kr.  
Aðeins **33 KR.STK**

Maxi + 80 stk 2598 kr.  
Aðeins **33 KR.STK**

Maxi 86 stk. 2598 kr.  
Aðeins **31 KR.STK**



**1198**  
kr. kg.

BÓNUS Grisagúllas

**Næringargildi í 100 g**  
Orka: 411 kJ / 97 kkal  
Fita 1,1 g  
Ísar af metlaðar fitusýrur 0,4 g  
Kolvetni 0,0 g  
Ísar af sykurl 0 g  
Protein 22,0 g  
Salt 0,1 g  
Upprunaland: Ísland  
www.svinvirkar.is  
Framleitt fyrir Bónus



**1098**  
kr. kg.

BÓNUS Grisakötiletur



BÓNUS Bacon/beikon

## VINSÆLUSTU Kjúklingabringurnar í Bónus



**1548**  
krónur 900g.



**1398**  
kr. kg.

ISLANDSLAMB GRILL  
Lamba-sirloinsneiðar



**1598**  
kr. kg.

ISLANDSLAMB BLANDAÐAR GRILL  
Lambalærisneiðar



**1298**  
kr. kg.

NAUTAVEISLU Nautgripahakk frá Spáni



**898**  
kr. kg.

Frosnir Þorskbítar / roð og beinlausir  
VERÐ ÁÐUR 998 KR.



**1359**  
kr. 700g.


Úrbeinuð kjúklingalæri  
ROSE DÖNSK SKINNLAUS úrbeinuð Kjúklingalæri

AFGREIÐSLUTÍMI  
FÖSTUDAGUR  
10:00-19:30

**BONUS EKKERT BRUÐL**



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**398**  
kr. 2 ltr.



**159**  
kr. 2 ltr.



**398**  
kr. 600g.

Pink Lady Epli 600g



**298**  
kr. 1 ltr.

Cawstona Press safi Epla/engifer



**698**  
kr. 500g

**61 KR. VERÐLÆKKUN**  
VERÐ ÁÐUR 759 KR.



**459**  
kr. 420g

Innihaldslýsing:	Næringarefni í 100 g:
Vatn, hveitiglúteín, gróft sojasmjöl, heilkornahveiti, sojaprótein, hörfræ, graskersfræ, ger, sesamfræ, salt, hveitiræfjar, maltþykki (byggmalt, vatni), gelatínarað hveiti, eplatræfjar, sýrustillar (E262), ristað hveitimalt, sýra (E270), bindiefni (E472e), mjólmæðhöndlunarefni (E300), ensím.	Orka kJ 1121 / kkal 268
	Fita 12,4 g
	-þar af mettuð fita 1,9 g
	Kolvetni 9,4 g
	-þar af sykur 1,6 g
	Trefjar 7,5 g
	Prótein 26,1 g
	Salt 1,25 g

Gæðabakstur Lágkolvetnabrauð 420g



**298**  
krónur 1 kg.

Danskar Gulrætur 1 kg.



**798**  
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Frosið lambasúpukjöt **FROSID**



**1498**  
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**



**1259**  
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri **FROSID**



**398**  
kr. 200g

**BONUS FERSKT SPÍNAT 200g**  
Upprunaland: Spánn



**298**  
kr. kg

Amerískar sætar kartöflur

**BONUS EKKERT BRUÐL**



**AFGREIÐSLUTÍMI**  
**FÖSTUDAGUR**  
**10:00-19:30**

## MERKISATBURÐIR

- 1876** Alexander Graham Bell fær einkaleyfi á símanum.
- 1912** Roald Amundsen tilkynnir að leiðangur hans hefði komist á suðurpólinn 14. desember 1911.
- 1931** Stormur brýtur sjötíu símastaura á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
- 1944** Fjórir farast en 39 komast af er þrjú erlend skip stranda á söndum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 1975** Mannbjörg verður er flutningaskipið Hvassafell strandar á Skjálfanda.
- 1981** Sjónvarpið efnir til söngvakeppni í fyrsta sinn. Lagið Af litlum neista sigrar.

# Kafað í sígilda sögu

Námskeið um hina einlægu og seinheppnu Önnu í Grænuhlíð verður í Gerðubergi í Breiðholti á næstunni. Kennarar eru Auður Aðalsteinsdóttir og Ásta Gísladóttir.

Fjallað verður um rauðhærða mun- aðarleysingjann Önnu í Grænuhlíð og tilurð bókanna um hana á fjög- urra kvöld námskeiði í Gerðubergi á næstunni. Kennarar eru bók- menntafræðingarnir Auður Aðal- steinsdóttir og Ásta Gísladóttir.

Bækurnar um Önnu í Grænuhlíð hafa verið óhemju vinsælar allt frá því þær komu fyrst út í Kan- ada árið 1908. Meðal annars hafa þær verið uppáhald fjölmargra Íslendinga en þær komu fyrst út á íslensku á fjórða áratug síðustu aldar. Sú þýðing var verulega styttn en þær Auður og Ásta eru útgef- endur nýrrar þýðingar á ritröð um þennan rauðhærða vandræða- gepil.

Á námskeiðinu verður kafað í efni bókanna, til dæmis hið kanad- íska sögusvið og hlutverk matar í barnabókmenntum. Einnig verður verkið sett í samhengi við ýmsar bókmenntahefdir, svo sem munað- arleysingjasögur. Áhersla verður lögð á að þátttakendur á námskeið- inu hafi tækifæri til að taka virkan þátt og ræði efnið í lok hvers tíma.

Í lokin stendur þeim til boða að hittast aukalega til að horfa á brot úr vinsælum sjónvarpsþáttum sem gerðir voru eftir sögunni.

Námskeiðið verður 12. mars, 17. mars, 19. mars, og 24. mars milli klukkan 20 og 22. Námskeiðsgjald er 12.000 og skráning er á gerdu- berg@reykjavik.is

gun@frettabladid.is



MUNADARLEYSINGINN Anna í Grænuhlíð hefur öðlast miklar vinsældir í gegnum tíðina.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ömmu okkar, langömmu og langalangömmu,

**MARIU KRISTJÁNSDÓTTUR**  
Droplaugarstöðum,  
áður Austurbrún 4.



Sjöfn Arnfinnsdóttir  
Snorri Arnfinnsson  
Skúli Arnfinnsson  
og fjölskyldur.

Ósk Gunnarsdóttir  
Sólrún Ingimundardóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR**  
frá Hvammi, Hnífsdal,  
síðast til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði,  
lést þriðjudaginn 4. mars. Útför verður auglýst síðar.



Sverrir Jóhannesson  
Guðmundur G. Jóhannesson  
Jóhannes B. Jóhannesson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Eva Lillerud  
Guðrún H. Hauksdóttir



Kæru vinir og vandamenn.  
Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og samverustund vegna andláts og útfarar þabba okkar, tengdababba, afa og langafa,

**GUÐNA R. JÓNSSONAR**  
Helli.



Sérstaklega þökkum við starfsfólki Lundar og Kristni Garðarssyni fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

Hrafnhildur Guðnadóttir  
Hjördís Guðnadóttir  
og fjölskyldur.

Friðrik Magnússon  
Auðunn Gunnarsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa, langafi og langalangafi,

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**  
frá Kolsstöðum,  
lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi  
3. mars sl. Útför mun fara fram  
frá Kvennabrekkukirkju föstudaginn 14. mars kl. 14.00.



Kristín Guðmundsdóttir & Örn R. Ingólfsson  
Ólafía G. Guðmundsdóttir (Stella) & Gunnar E. Svavarsson  
Guðveig Guðmundsdóttir & Kjartan Sigurðsson  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,

**GUÐMUNDUR GRÍMUR JÓNSSON**

andadist 3. mars síðastliðinn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hans fer fram mánudaginn 10. mars frá Grafarvogskirkju kl. 15.00.



Láretta Bjarnadóttir  
Bjarni Guðmundsson  
Guðmundur Guðmundsson  
Lára Guðmundsdóttir  
Jóhann Guðmundsson  
börn og barnabörn.

Britt-Marie Guðmundsson  
Rakel Bergsdóttir  
Thu Nguyen



Ástkær faðir okkar,  
tengdafaðir, afa og langafi,  
**STEINÞÓR EINARSSON**  
vélstjóri,

lést mánudaginn 3. mars á Hrafnistu í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Garðakirkju, Garðaholti, mánudaginn 10. mars kl. 15.00.



Puríður Steinþórsdóttir  
Einar Steinþórsson  
Trausti Steinþórsson  
afabörn og langafabörn.

Jóel Friðrik Jónsson  
Helga Steindórsdóttir  
Rannveig Hafberg



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR**

lést á Borgarspítalanum sunnudaginn 2. mars. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 12. mars kl. 13.00.



Sigurður Garðarsson, Guðrún Ruth Viðarsdóttir,  
Silja Björg Halldórsdóttir, Halla Ruth Halldórsdóttir,  
Björn Ingi Halldórsdóttir, Elísa Guðrún Halldórsdóttir,  
Þórður Halldórsdóttir og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG MAGNÚSDÓTTIR**  
dvalarheimilinu Grund,  
áður Gnoðarvogi 32,

lést föstudaginn 28. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 10. mars kl. 13.00.



Guðrún R. Axelsdóttir  
Eiríkur Bergmann Einarsson  
Áslaug Einarisdóttir  
og barnabarnabörn.

Einar Eiríksson  
Aino Freyja Jarvela



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RÓSU HERMANNSDÓTTUR**

sem lést 20. febrúar síðastliðinn. Sérstakar þakkir færur við yndislegu starfsfólki á bráðamóttöku, gjörgæslu og deild 7-A á Landspítalanum í Fossvogi.



Hermann Gunnarsson  
Alfreð Örn Hermannsson  
Gunnar Axel Hermannsson  
Gestur Hermannsson  
Viktória G. Hermannsdóttir  
og barnabarnabörn.

Svava Viktoría Clausen  
Svava Óttarsdóttir  
Hjördís Jóhannesdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**ÁSDÍSAR BJARNADÓTTIR**  
frá Suðureyri við Tálknafjörð,  
Laugarnesvegi 87.



Pórey Magnúsdóttir  
Bjarni Eiríkur Magnússon  
Jóna Þórdís Magnúsdóttir  
Guðmundur Sigurður Magnússon  
Einar Magnússon  
Magnús Ásgeir Magnússon  
Kristján Magnússon  
og fjölskyldur þeirra.

Salvar Guðmundsson

Gunnhildur Konráðsdóttir  
Heiða Hringisdóttir  
Ásdís Ásgeirsdóttir



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LÖGIN ÚR TEIKNIMYNDUNUM

Fjölskyldutónleikar verða í Salnum í Kópavogi á morgun kl. 14 sem nefnast Lögin úr teiknimyndunum. Eins og nafnið gefur til kynna verða flutt lög úr þekktum teiknimyndum af þeim Valgerði Guðnadóttur, Þór Breiðfjörð og Felix Bergssyni. Má til dæmis nefna lagið Vinur minn úr Toy Story og Hakúna Matata.

Hausverkur Ekki þjást MigreLief

# MígreNi.is

MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

## Ert þú með verki?



### Stoðkerfislausnir

henta þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu.

- Hefst **10. og 11. mars**
- 2x í viku: **Þri. og fim. kl. 16:30**
- 3x í viku: **Mán., mið. og fös. kl. 15:00**
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara

Skráning í síma 560 1010 eða á [mottaka@heilsuborg.is](mailto:mottaka@heilsuborg.is)

Þjálfarar Anna Borg og Arna Steinarsdóttir sjúkraþjálfarar



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • [www.heilsuborg.is](http://www.heilsuborg.is)



**SPENNANDI NÝJUNG**  
Kjúklingalasanja er skemmtileg og spennandi tilbreyting.  
MYND/DANIEL

## ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

**M**atreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingalasanja. Hægt er að

fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, [inntv.is](http://inntv.is).

### KJÚKLINGALASANJA

#### FYRIR 8-10

2 msk. olía  
1 paprika skorin í bita  
1 gulrót skorin í bita  
2 laukar skornir í bita  
2 selleristíklar skornir í bita  
½ chilí, steinlaust og smátt saxað  
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir  
Salt og nýmalaður pipar  
1 tsk. timjan  
1 tsk. oreganó  
1 tsk. kúminfræ  
2 msk. olía  
600 g kjúklingahakk  
Salt og pipar  
600 g niðursoðnir tómatar í bitum  
2 msk. tómaturé  
Hitið olíu á stórra pönnu og steikið papriku, gulrót, sellerí, lauk, chilí og hvítlauk í 3 mínútur. Bætið þá salti og pipar, timjani, oreganói og kúmini á pönnuna og steikið í 2 mínútur. Hellið þá öllu af pönn-

unni í skál og geymið. Bætið 2 msk. af olíu á sömu pönnu og steikið kjúklinginn í 5-7 mínútur og kryddið með salti og pipar. Þá er tómaturé og niðursoðnum tómötum bætt á pönnuna ásamt öllu grænmetinu og soðið í 10 mínútur.

#### MJÓLKURSÓSA

40 g bráðið smjör eða smjörlíki  
40 g hveiti  
½ l mjólk  
Salt og nýmalaður pipar  
¼ tsk. múskat  
Bræðið smjörið í potti og blandið hveiti vel saman við. Hellið mjólkinni smátt og smátt í pottinn og hrærið stöðugt í á meðan, smakið til með salti, pipar og múskati. Látið sjóða við vægan hita í 5 mínútur.

**SAMSETNING**  
15 lasanja-blöð



Tómatkjötsósa og kjúklingur  
Mjólkursósa  
Rifinn ostur  
Leggið lasanja-blöð í botninn á eldföstu móti.  
Dreifið u.þ.b. 1 dl af mjólkursósu yfir. Stráið þá osti yfir sósuna.  
Næst er u.þ.b. 2-3 dl af kjúklings- og tómatsósunni jafnað yfir mjólkursósuna. Endurtakið þar til allt er búið og endið á ostinum.  
Bakið við 185°C í 35 mínútur. Berið fram með t.d. hvítlauksbrauði og salati.

**FYRIR ALLA DAGA**  
Kjúklingalasanja er tilvalinn réttur alla daga vikunnar.  
MYND/DANIEL

Tilboð í mars  
bolir og samfellur



Róló Glæsibæ  
Sími 8948060  
[www.rollo.is](http://www.rollo.is)  
Facebook



Ábendingahnappinn  
má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT

## HEILSURÉTTIR

065

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti  
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

980 | 1340

Lægra verð

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

Án salts og sykurs.



Toppur  
99 kr.  
með öllum  
heilsurétum Nings  
í Janúar 2014

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | [www.nings.is](http://www.nings.is)

**NING**S

# SKVÍSULEG PARÍSARTÍSKA

**PARÍSARTÍSKAN KYNNIR** Eitt best geymda leyndarmál íslenskra tískuunnenda er tískuverslunin Parísartízkann sem býður vel klæddum skvísimum á öllum aldri fallegan og vandaðan tískufatnað frá heimsfrægum tískuhúsum.

Ég er alin upp í Parísartízkunni og á þaðan yndislegar minningar um ys og þys dásamlegra kvenna, kjóla og kventísku, og vitaskuld vinnuna með mömmu,“ segir Hjördís Sif Bjarnadóttir, klæðskeri, kjóla- og kventískeri og verslunarkona í Parísartízkunni.

Hjördís var aðeins tíu ára þegar móðir hennar, Ragnhildur Ólafsdóttir, tók við rekstri Parísartízkunnar árið 1989 af Rúnu Guðmundsdóttur sem stofnaði búðina 1963.

„Ég fékk fljótt áhuga á tísku og saumaskap og naut mín best á saumastofunni þar sem gerðar voru breytingar á fatnaði og boðið upp á sérsaum,“ segir Hjördís, sem starfaði og rak verslunina við hlið móður sinnar í 25 ár, eða allt þar til Ragnhildur lést í fyrra og Hjördís tók ein við rekstrinum.

„Þótt Parísartízkann hafi klætt íslenskar dómur síðustu hálfu öldina er hún enn ung og fersk í efnistöku og með heimsfræg, hágæða tískumerki sem klæða jafnt ungar skvísur sem og eldri dómur. Parísartízkann er sennilega eitt best geymda leyndarmál tískuunnenda og hreint æðisleg tískuverslun fyrir konur sem vilja klæðast kvenlegum, þokkafullum og vönduðum fatnaði.“

## MAX MARA OG BASLER

Hjördís hefur ákveðið að kalla búðina áfram sínu rétta nafni enda sigilt, rómantískt, kvenlegt og heillandi.

„Búðin var upphaflega nefnd

Parísartízkann því í þá daga kom hátískan eingöngu frá París, sem er enn í dag háborg tískuheimsins. Því höldum við í nafnið sem okkur þykir undurvænt um, eins og öðrum Íslendingum sem verid hafa nafninu samferða á búðarólti í gegnum árin,“ segir Hjördís um rótgróna og elegant Parísartízkuna.

Í Parísartízkunni ríkir léttur og ljúfur andi og þar er góð og persónuleg þjónusta í öndvegi.

„Parísartízkann er nýttiskulegur og heillandi kostur fyrir skvísur á öllum aldri. Við bjóðum tískufatnað frá frægum hönnunarmerkjum eins og fimm mismunandi línur frá ítalska tískuhúsinu Max Mara og þýska tískumerkið Basler sem slegið hefur rækilega í gegn vegna gæða, flottheita og sniða, en þýsk snið klæða íslenskar konur sérstaklega vel.“

Parísartízkann er nú til húsa í Skipholti 29B í glæsilegu húsnæði þar sem eru næg bílastæði.

„Við tökum alúðlega á móti öllum og verid er vel samkeppnishæft við tískuverslanir sem selja vandaða vöru. Hópur viðskiptavina er rótgróinn og traustur og hefur stækkað enn meira eftir að við tókum inn Max Mara,“ segir Hjördís.

Parísartízkann er í Skipholti 29B. Sjá nánar á Facebook (facebook.com/parisartizkan). Þar standa yfir spennandi afmælistilboð og skemmtilegur Facebook-leikur.



## FÁGUNT

Max Mara er fyrir konur á öllum aldri og inniheldur fimm mismunandi línur. Penny Black og Weekend hefur að geyma frjálsglegan og fallegan fatnað fyrir yngri konur á meðan Marina Rinaldi og Persona eru fyrir allar konur og fást í stærri stærðum. Max Mara Code er glæsileg kjólalína.

MYNDIR/GVA



**GLÆSILEIKI** Úrval kvenfatnaðar er ríkulegt í Parísartízkunni þar sem allar konur finna tískuföt við hæfi, allt frá fallegum hvunnagsfötum yfir í heillandi spariföt og flottar yfirhafnir.

# ARMBÖND HJÁLPA HEIMILISLAUSUM

**GOTT MÁLEFNI** Nemendur úr FG munu selja armbönd í Smáralind í dag og á morgun. Ágóði rennur til heimilislausra hérlendis.

Hópur nemenda úr Fjölbautaskólanum í Garðabæ ætlar um helgina að selja armbönd til styrktar heimilislausum. Verkefnið er hluti af áfanga sem nefnist frumkvöðlafræði en þar eiga nemendur að stofna fyrirtæki utan um sérstaka hugmynd. Fyrirtækið nefna þau Skjól og að sögn Gabrielu Jónsdóttur, eins meðlima hópsins, ákvað hann strax að gera eitthvað sem tengist góðgerðarsamtökum. „Okkur datt í hug að velja eitthvert gott málefni sem þörf er að vekja athygli á og völdum að styrkja heimilislausu. Um leið vildum við hanna eitthvað sem bæði kynin geta klæðst og þar með varð hugmyndin um armböndin til.“

Armböndin verða seld á sérstakri vörुकynningu í Smáralind í dag, föstudag, og á morgun, laugardag, auk þess sem hægt verður að kaupa þau á Facebook-síðu hópsins, facebook.com/skjolidokkar. „Við erum einnig að vinna í því að dreifa armböndunum til tískuvörusverslana. Allur ágóði sölunnar rennur óskiptur til Minningar-sjóðs Lofts Gunnarssonar en tilgangur hans er að bæta hag útígangsmanna í Reykjavík.“

Að sögn Gabrielu eru um 250 manns heimilislausir á Íslandi



**FALLEG ARMBÖND** Armböndin kosta 1.500 kr. og eru ætluð báðum kynjum.

MYND/VALLI

í dag sem sé sláandi há tala. „Flestir Íslendingar halda að hópurinn sé miklu fámennari. Markaðsrannsókn okkar leiddi í ljós að almenningur heldur að hópurinn sé 50-100 manns. Aðstæður þessa hóps eru slæmar. Það vantar gistiþláss fyrir heimilislausu í borginni en einnig mæta þeir miklum forðómum í samfélaginu.



**HÓPURINN SKJÓL** Meðlimir Skjól's f.v.: Gabriela Jónsdóttir, Andrea Bjarnadóttir og Krístrún Halla Helgadóttir. Á myndina vantar Tinnu Arngrímsdóttur, Helenu Mikaelisdóttur og Gunnar Inga Jósefsson.

MYND/VALLI

Í hópnem er alls konar fólk, ekki bara alkóhólistar og eiturfjanyeytendur heldur líka skuldugir einstaklingar sem eru heimilislausir. Markmið okkar

er að upplýsa almenning um aðstæður þessa fólks, draga úr fordómum í þess garð og safna peningum til þess að bæta aðstæður hópsins.“

Armböndin kosta 1.500 krónur og verða til sölu í Smáralind milli kl. 11-19 í dag, föstudag, og milli kl. 11-18 á morgun laugardag.

# Lífið

FÖSTUDAGUR  
7. MARS 2014

Sóllilja Baltasars  
**HANNAR HAND-  
MÁLADAR ULLAR-  
PEYSUR Í EIGIN  
NAFNI. 2**

Hulda Halldóra stílisti  
**VANN Á STÆRSTU  
TÍSKUSÝNINGUNNI  
Í PARÍS. 4**

Dagur í lífi  
**LJÓSMYNDARINN  
ALDÍS PÁLSDÓTTIR  
MUNDAR LINSUNA  
FYRIR LÍFIÐ. 10**

*Eik Gísladóttir*

**ER GLÖÐ AÐ VERA  
LOKSINS KOMIN  
HEIM EFTIR 15  
ÁRA FLAKK**

FRÉTTABLAÐIÐ

➤ [visir.is/lifid](http://visir.is/lifid)

## HVER ER?



Nafn?

**Fanney Ingvarsdóttir.**Aldur? **22**

Starf? Sölukona hjá NTC.

Maki? Nei.

Stjörnumerki? Vog.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?

Hafragraut með cookies and cream-próteini.

Uppáhaldsstaður? Kaupmannahöfn, New York og Stykkishólmur.

Hreyfing? Ég æfi í World Class og finnst langskemmtilegasta púlið að hlaupa.

Uppáhaldsfatahönnuður? Ég á því miður engan einn uppáhalds. Mjög misjafnt hvað hönnuðir senda frá sér hverju sinni. En íslenski er hin yndislega Andrea Magnúsdóttir.

## HVERJIR VORU HVAR?

Á laugardaginn var haldið upp á opnun Alvarpsins sem er safn útvarpsþátta á netinu og mátti þar sjá mörg kunnugleg andlit. Meðal gesta voru borgarfulltrúinn



Diljá Ámundadóttir, grínistinn **Hugleikur Dagsson**, tónlistarmaðurinn Snorri Helgason og fjölmíðlamaðurinn Bergur



Ebbi Benediktsson. Þá voru einnig í gleðskapnum leiknonan **Saga Garðarsdóttir**, gleðigjafinn Sigurður Eggertsson og tónlistarkonan Mr. Silla.

# TÍSKA HANDMÁLAÐAR ULLARPEYSUR SÓLLILJU SLÁ Í GEGN

Sóllilja Baltasarsdóttir er að stíga sín fyrstu skref sem fatahönnuður undir eigin nafni. Það er óhætt að segja að frumraunin, ullarpeysur með handmáluðum vængjum, hafi slegið í gegn.

**M**ig hefur alltaf langað til að vera í hönnun en síðan ég man eftir mér hef ég verið að sauma og breyta fötum," segir Sóllilja Baltasarsdóttir sem nýverið stofnaði fatamerki í eigin nafni.

Það má segja að Sóllilja hafi hálfpartinn verið knúin til að stofna fatamerkið en eftir að hún birti mynd af peysu úr sinni smíðju rigndi fyrirspurnunum yfir hana. Um er að ræða ullarpeysur með handmáluðum vængjum á bakinu.

„Þetta byrjaði þannig að ég fékk saumavél frá pabba mínum í jólagjöf og hann spurði mig hvort ég gæti ekki saumað eitthvað á hann. Þannig að ég bjó til ullarpeysu, málaði vængi aftan á og gaf honum í afmælisgjöf," segir Sóllilja, en faðir hennar er kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur sem hefur varla farið úr peysunni en hann er nú staddur í Róm við tókur á myndinni Everest. Sóllilja er sjálf nýkomin frá Róm þar sem hún heimsótti föður sinn.

„Ég tók mynd af pabba á tókustað í peysunni sem vakti fáránlega athygli og ég fékk um 100 fyrirspurnir um peysuna. Það var því ekkert annað í stöðunni en að búa til merki og keyra þetta af stað.“

Engar tvær peysur eru eins enda vængirnir handmálaðir á hverja peysu. Hægt er að panta sér peysu, sem er fánleg í tveimur mismunandi sniðum, í gegnum Facebook-síðu merkisins. Sóllilja er 18 ára gömul og nemandi í Verzlunarskóla Íslands. Í augnablikinu er stefnan tekin á fatahönnun eftir stúdent og þá helst út fyrir landsteinana. „Mig langar helst í Parsons í New York. Núna ætla ég að einbeita mér að þessu og bæta vörum við merkið.“

alfrun@frettabladid.is



Sóllilja Baltasarsdóttir hefur stofnað fatamerki í eigin nafni en hún hefur ullarpeysur með handmáluðum vængjum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Sóllilja gaf föður sínum, Baltasar Kormáki, peysu í afmælisgjöf sem hann hefur notað á hverjum degi við tókur á Everest en eftir að hún birti mynd af honum í peysunni fékk hún fjölmargar fyrirspurnir og ákvað að stofna merkið Sóllilja.

## GAMALL DRAUMUR AÐ RÆTAST

Inga Krístrún Gottskálksdóttir opnar búð í eigin nafni á Laugaveginum í dag.



Inga Krístrún Gottskálksdóttir opnar verslunina Gottu á Laugavegi 7 klukkan fjögur í dag. „Þetta verður vönduð tískuverslun fyrir konur með góðan smekk á öllum aldri," segir Inga Krístrún, en hún hefur starfað í tískugeiranum um árabil, meðal annars sem innkaupastjóri hjá Sævari Karli. „Ég vil hafa notalega stemningu í búðinni svo að öllum líði vel sem koma í Gottu." En hvers vegna ákvað Inga að opna eigin verslun. „Ætli það sé ekki bara kominn tími til miðað við aldur og fyrri störf," segir Inga létt í bragði og bætir við að sig hafi alltaf langað til að opna búð með fallegum föt. „Það hefur verið draumurinn síðan ég var lítil stelpa." Aðspurð segist Inga sennilega eiga eftir að komast að því hvað sé mikilvægast í búðarrestri. „En ég gæti trúað að það skipti máli að þekkja sína kúnna og hafa mikinn áhuga á því sem maður er að gera," segir hún hógvæð og býður alla velkomna í opnunina í dag klukkan fjögur, en þar verða léttar veitingar í boði og tónlistaratriði, svo eitthvað sé nefnt.

### MERKI SEM VERÐA FÁANLEG Í GOTTU

Kenzo  
Alexander Wang  
Schumacher

FWWS  
Rag&Bone  
Cambio

Sportmax  
Armani  
underwear

Lífið  
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is

Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is

Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson**



**Stehmann** buxurnar eru komnar aftur!

**SIGURBOGINN**  
SINNI OG TILNÖMUNARSLAN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 581 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

Fylgstu með á  
Facebook Lindex Iceland  
Væntanlegt 19.mars

*Edited by  
Kate Hudson*

Pils,  
**4995,-**

**LINDEX**

# TÍSKA FJÖRIÐ BAKSVIÐS Á KENZO

*Stílistinn Hulda Halldóra fékk tískuvikuna beint í æð er hún vann á sýningu Kenzo í París um síðustu helgi. Hún leyfði Lífinu að fylgjast með.*

**S**tílistinn Hulda Halldóra Tryggvadóttir var stödd í hringiúu tískuvikunnar í París er hún vann baksviðs á sýningu tískuhússins Kenzo. Sýningin er ein sú stærsta á tískuvikunni þar sem fjöldinn allur af fagfólki innan tískubransans tekur þátt.

„Það var gaman að taka þátt í svona stóru dæmi. Fullt af frægum fyrirsætum og góð reynsla fyrir mig,“ segir Hulda sem dvaldi í eina viku í tískuborginni. Hennar hlutverk var að taka þátt í undirbúningi sýningarinnar og klæða fyrirsæturnar á sýningunni sjálfri. Hún getur vel hugsað sér að gera þetta aftur.

„Ég held að ég fari aftur á næstu tískuviku því það stendur til boða.“  
Haust- og vetrarlína Kenzo lagðist vel í áhorfendur tískuvikunnar. „Þetta var mjög flott lína og margt sem ég get hugsað mér að klæðast.“ - áþ



Fyrirsætur stinga saman nefni m.



Margir í förðun.



Hulda Halldóra er reynslunni ríkari eftir að hafa unnið baksviðs á einni stærstu sýningu tískuvikunnar í París, Kenzo.




Fyrirsæturnar þurftu að æfa sig að ganga á þessum himinháu hælum.



Tilbún á svið.



Hönnuðadúó, Carol Lim og Humberto Leon, Kenzo í viðtali.



Listi yfir innkomur sýningarinnar.

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

# vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

## SALÓME GUÐMUNDSDÓTTIR

### 30 ÁRA FRAMKVÆMDASTJÓRI KLAK INNOVIT

- 1 Þegar ég var ung þá...** var mér sagt að ég gæti bakað pönnukökur á hvolfi og haldið á hesti eins og Lína langsockur, ef mig bara langaði nógu mikið til þess!
- 2 En núna...** veit ég að það er rétt, allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.
- 3 Ég mun eflaust aldrei skilja...** hvernig tíminn líður!
- 4 Ég hef ekki sérstakan áhuga á...** að dvelja í fortíðinni, heldur horfa fram á við og njóta augnablikins.
- 5 Karlmenntu eru...** krydd í tilveruna!
- 6 Ég hef lært að maður á alls ekki að...** vera hræddur við mistök. Við lærum af þeim.
- 7 Ég fæ samviskubit þegar...** ég hugsa til þess hvað það er langt síðan ég heimsótti ömmu.
- 8 Ég slekk á sjónvarpinu þegar...** landsleikurinn er búinn!
- 9 Um þessar mundir er ég mjög upptekin af...** því að koma mér inn í nýtt starf hjá Klak Innovit, drekka í mig upplýsingar um frumkvöðla-umhverfið og þau mýmörgu tækifæri sem þar eru til staðar... það eru spennandi ár í vændum!
- 10 Ég vildi óska þess að fleiri vissu af...** því að búið er að opna fyrir umsóknir í Start Up Reykjavík 2014. [www.startupreykjavik.com](http://www.startupreykjavik.com)



Settu þér alvöru markmið strax í dag!

Þyngd -13,2 Kíló  
Verð 119.990Kr



**Cube LTD CLS**  
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -13,2 Kíló  
Verð 119.990Kr



**Cube LTD CLS LADY**  
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall  
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm  
Verð 109.990Kr



**Cube Aim pro 29**  
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall  
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm  
Verð 149.990Kr



**Cube Aim SL 29**  
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,5 Kíló  
Verð 279.990Kr



**Cube Cross Race**  
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,1 Kíló  
Verð 219.990Kr



**Cube Peloton 3-fach**  
Þýsk gæði á góðu verði!

## CUBE 2014

CUBE barnahjólin eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.

**15 - 35% afsláttur**  
af árgerðum 2012 & 2013

## CUBE 2014

CUBE barnahjólin eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.

- Cube / Craft / Louis Garneau / Brooks / Compressport -

# WWW.TRI.IS

Verzlunin er opin:

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 15:00

# EIK GÍSLADÓTTIR

## FLUTTI 15 SINNUM Á 15 ÁRUM

Eik Gísladóttir er nýflutt heim eftir 15 ára dvöl í útlöndum ásamt eiginmanni sínum, Heiðari Helgusyni. Hún er ánægð með að vera komin heim eftir ævintýraríka dvöl erlendis og tilbúin í nýja tíma á Íslandi. Eik tók þátt í að stofna Kvinnablaðið en leitar nú að nýrri áskorun.

Það má líta á þetta þannig að það snýst allt um atvinnumanninn á meðan á ferli hans stendur. Og nú er minn tími kominn," segir Eik Gísladóttir og skelli-hlær smitandi hlátri.

Eik er grafískur hönnuður, hárgreiðslukona með skotveiðileyfi og eiginkona Heiðars Helgusonar, fyrrverandi atvinnumanns og landsliðsmanns í knattspyrnu. Hjónin eru nýflutt heim eftir 15 ára dvöl erlendis með þrjú stráká og helling af lífreynslu í farteskínu ef marka má frásagnir Eikar.

Hún segir heimkomunni fylgja vellíðan og öll fjölskyldan sé sam-mála um að hér vilji þau vera.

### Glansmyndin af atvinnumannslífinu

„Eftir fimmán ár erlendis fann ég að þetta var komið gott. Ekki misskilja mig, mér fannst æði að vera úti og það var frábært ævintýri. Mig langaði hins vegar að strákarnir mínir yrðu íslenskir. Við Heiðar vorum orðin ryðguð í íslenskunni og strákarnir okkar orðnir miklir Engendingar. Þeir töluðu íslensku aðeins við okkur inni á heimilinu og orðaförði okkar hafði minnkað í samræmi við það. Það er mjög mikilvægt fyrir mig að þeir kunni íslensku almennilega enda er menntunúmer eitt, tvö og þrjú hjá mér. Þannig er ég alin upp.“

Eik flutti heim einu ári á undan Heiðari með strákana en honum var boðinn samningur sem hann gat ekki neitað hjá Cardiff í Wales. Eik fannst mikilvægt að Aron, elsti sonur þeirra sem var þá 13 ára, færi í íslenskt skólakerfi í 8., 9. og 10. bekk þar sem málfraeðin var tekin fyrir enda alltaf stefnan að enda heima. Fótboltalífinu getur oft fylgt mikið rót og flutningar.

„Það er ákveðin menning sem

fylgir fótboltanum á Englandi og margir eru með einhverja glansmynd af því lífi. Það var alveg kampavín og flottir veitingastaðir með frægu fólki stundum en það er erfitt að festa rætur í þessum lífsstíl. Fjölskyldan og heimilislífið er það sem skiptir máli þegar upp er staðið. Við fluttum 15 sinnum á 15 árum. Alltaf þegar ég var kannski byrjuð að læra eða komin með vinnu á einum stað kom eitthvað upp, nýtt lið, nýr bær og nýtt fólk. Það er alveg gaman en líka þreytandi til lengdar. Mér finnst frábært að vera komin á stað þar sem við getum orðið eldgömul og þurfa ekki sífellt að vera að hugsa um hvert ég flytji næst og hvenær. Þetta land sem við eigum er einstakt og ég er stoltur Íslendingur.

### Sálufélagar

Eik er úr Árbænum. Íþróttastelpa í húð og hár sem stefndi á lækni eða matvælafræði í Háskólanum. Það er mikið um menntafólk í fjölskyldunni en Eik og Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar í komandi kosningum, eru systkinabörn.

„Hann er átrúnaðargoði mitt og ég lít mjög mikið upp til hans og fjölskyldunnar hans. Sú aðdáun hófst þegar ég var 14 ára og lá inni á spítala en Dagur var svo góður að heimsækja mig reglulega með segulbandsspólur með nýjum leikritum til að stytta mér stundir. Mér þótti voðalega vænt um það.“

Þegar Eik kynntist Heiðari var hún 22 ára gömul og vann sem þjálfari hjá Jónínu Ben í stöðinni Planet Pulse, sem var og hét, og á leiðinni í háskóla.

„Ég var alls ekki á leiðinni í samband þegar ég kynntist Heiðari sem var þá 19 ára strákingur. Ég var nýbúin að slíta trúlofun og fór að leigja með frænku



**MENNTUN**  
Grafískur hönnuður og hárgreiðslukona

**ALDUR** 39 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA**  
Gift Heiðari Helgusyni

**NÝTT**  
**OMBRÉ EFFECT**

Notaðu ELEA OMBRÉ EFFECT til þess að lýsa endana á hárinu

**ELEA**  
PROFESSIONAL  
COLOUR & CARE

ELEA litirnir fást í stórmörkuðum um land allt

hans. Svo einn morguninn vaknaði ég við það að hann var búinn að læðast inn til mín. Hann sagðist hafa verið að flýja stelpur sem voru í partíi sem var heima hjá okkur um nóttina en ég held að hann hafi verið búinn að plana þetta enda var ég framan á einhverju blaði á þessum tíma og hann líklega með augastað á mér," segir Eik hlæjandi og heldur áfram að rifja upp.

„Hann heillaði mig strax upp úr skónum. Við erum eins og svart og hvítt og gott dæmi um það hvernig andstæður laðast hvor að annarri. Ég er mikil félagsvera og hef gaman af því að vera á ferð og flugi. Heiðar aftur á móti hefur oft sagt að hann gæti vel hugsað sér að verða svona einbúi eins og Gíslá á Uppsölum. Þannig að við mætumst á miðri leið sem er gott fyrir okkur bæði. Við erum sálufélagar.“

### Bónorð á fæðingardeildinni

Eik og Heiðar byrjuðu á því að flytja til Noregs þar sem Heiðar spilaði með knattspyrnufélaginu

Lilleström og sló í gegn. Frumburður þeirra, Aron, fæddist þar árið 1999 en það var erfið fæðing og eyddu þau mæðginin nokkrum dögum á vökudeildinni í Noregi.

„Hann fæddist 2,3 kg með naflastrenginn vafinn þrisvar sinnum um hálsinn og einu sinni um magann. Það var alveg svaklegt og kannski sérstaklega að upplifa það tvö en fjarri fjölskyldunni með fyrsta barn," segir Eik sem fékk bónorð frá kærastanum á fæðingardeildinni.

„Þegar Aron fæddist varð hann sjálfkrafa Gísladóttir sem Heiðari fannst skrítið. Hjúkrunarkonan sagði honum að svona væri þetta vegna þess að við værum ekki gift og ef ég félli frá hefði fjölskylda mín allan rétt á barninu og Heiðar engan. Heiðar sagði að við yrðum að giftast, sem við gerðum stuttu síðar í ráðhúsinu að viðstöddum tveimur vitnum. Ég var meira að segja í hvítum buxum en ekki kjól," rifjar Eik upp hlæjandi og bætir við að vinir og vandamenn séu enn þá að rukka þau um brúðkaupsveisluna sem aldrei hefur

verið haldin. „Ég verð fertug á næsta ári svo þá verður heljarinnar fjör.“

### Leið vel á Englandi

Eftir tvö ár í Noregi lá leiðin til Englands þar sem fjölskyldan flengdist í ein 13 ár. Eik grundaði ekki að búseta þeirra erlendis yrði svona löng þegar hún flutti fyrst út en henni líkaði mjög vel við England.

„Það eru kostir og gallar við England en mér líkaði vel. Kosturinn fólst helst í því að við vorum svo mikið saman fjölskyldan. Heiðar var á tveggja tíma æfingum á dag og eyddi öllum hinum tímanum með okkur. Þar var bara farið á skipulögð „playdate“ með börnum foreldra sem við náðum saman við en ekki endilega að börnunum semdi svo vel. Það var því mikið frelsi fyrir strákana að koma heim til Íslands og hlaupa um hverfið með sínum vinum.“

Á Englandi hópuðu Íslendingarnar sig líka saman sem Eik segir að hafi verið eins og fjöl-



## Myndaalbúmið



„Við fórum í fimm vikna heimsreiðu í desember sem var mikil upplifun og skemmtileg. Hér erum við í Taílandi.“ ● „Hún var að kynna gallabuxnaamerki sitt og okkur var boðið í svona einkapartí þar sem við fengum að hitta hana. Hún er æðisleg og rosalega almennileg. Við eigum sameiginlega vini, eins og Elton John sem átti hlut í Watford sem Heiðar spilaði með Við gátum því spjallað smá.“ ● „Hér erum við með pabba mínum og stjúpmómmu fyrir leik hjá Heiðari hjá QPR strákarnir mínir og vinkona og sonur hennar.“ ●

**Það er ákveðin menning sem fylgir fótballalífinu á Englandi og margir með einhverja glansmynd af því. Það er alveg kampavín og flottir veitingastaðir með frægu fólki stundum en það er erfitt að festa rætur í þessum lífsstíl. .**

skyldan þeirra úti. Konurnar áttu það sameiginlegt að mennirnir voru í sama faginu og flakkandi um knattspyrnuvelli Englands.

„Þetta var eins og fjölskyldan okkar úti. Við eyddum saman jólum, áramótum, sunnudögum og fórum í frí saman. Alveg nauðsynlegt.“

## Orðin sjómansfrú

Fjölskyldan hefur hreiðrað um sig í fallegu húsi í Laugardalnum þar sem Eik stjórnar karlaheimilinu með harðri hendi. Allir eru þeir í íþróttum svo hún losnar ekkert við íþróttahallirnar og knattspyrnuvellið í bráð.

Eik kveðst vera mikil strákastelpa og hefur mjög gaman af því að vera eina konan á heimilinu í bili.

„Ég stefni að því að verða besta tengdamamma, alltaf hress og ekki of ströng. Ég hlakka mikið til að takast á við það hlutverk en fleiri verða börnin ekki. Þetta er gott svona.“

Eik er ævintýragjörn og óhrædd við að stökkva á tækifærin þegar þau bjóðast. Fyrr í haust bauðst henni að taka þátt í að stofna Kvinnablaðið ásamt Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur og Soffíu Steingrímsdóttur og var það mikil reynsla.

„Það var mjög gaman að fá að taka þátt í þessum með Steinunni Ólínu enda var þetta hennar verkefni. Nú er ég að leita mér að nýjum áskorunum og get alveg eins hugsað mér að fara í 9-5 vinnu eða stofna mitt eigið, kannski í tengslum við ferðaþjónustu. Fyrir mig skiptir mestu máli að vera innan um skemmtilegt fólk. Þannig nýt ég mín best.“

Eiginmaðurinn Heiðar hefur nú lagt fótballaskóna á hilluna en í staðinn keypti hann lítinn fiskibát sem hann gerir út frá Hafnarfirði.

„Já, nú er ég orðin sjómansfrú. Heiðar er frá Dalvík og það eru margir sjómenn í ættinni hans og þetta hans draumur. Hann leigir kvóta, hann var einmitt að klára hann í vikunni þegar hann landaði þremur tonn-um af fiski. Nú auglýsir hann eftir kvóta til kaups, þú mátt endilega láta það koma fram,“ segir hún hlæjandi að lokum.

**fróosh**  
fruit: bottled

**Bara ávextir  
ekkert annað!**



**Peach & Passion Fruit**





Dagný Gísladóttir og Guðbjörg Gissurardóttir standa að nýrri vefsíðu tímaritsins Í boði náttúrunnar.

## NJÓTTU TILVERUNNAR Í BOÐI NÁTTÚRUNNAR Á VERALDARVEFNUM

Tímaritið Í boði náttúrunnar opnaði vefmiðil sinn [ibn.is](http://ibn.is) í síðustu viku við góðar undirtektir.

„Draumurinn var alltaf að gera vefsíðuna virkari en ég ákvað að það væri ekki raunhæfur möguleiki í upphafi þegar maður er að komast af stað í tímaritaútgáfu. Síðan þá hefur Dagný Helgadóttir komið til liðs við okkur en hún byrjaði í starfsnámi hjá mér í fyrra. Lokaverkefni hennar í Háskóla Íslands snerist um vefmiðil svo að við fengum tækifæri til að gera síðuna virka og nutum báðar góðs af því,“ segir Guðbjörg Gissurardóttir, ritstjóri Í boði náttúrunnar, þegar talið berst að nýja vefmiðlinum [ibn.is](http://ibn.is). Tímaritið Í boði náttúrunnar kemur út þrisvar á ári og telur Guðbjörg netmiðilinn vera frábæra leið til að brúa bilið á milli blaðanna. Þannig geta þær verið virkar á hverjum degi í að koma góðum boðskap áleiðis. En hvað varð til þess að hún fór út í blaðaútgáfu?

„Ég hafði að sjálfsögðu ekki hugmynd um hve mikil vinna þetta var en mér fannst þetta svo rosalega spennandi. Í þetta blað náði ég að setja öll áhugamálin mín á einn stað svo að það hefur verið drifkrafturinn frá upphafi. Það er ekki sjálfgefið að finna sér þannig vinnuvettvang,“ útskýrir Guðbjörg.

**Tímaritið Í boði náttúrunnar kemur út þrisvar á ári og telur Guðbjörg netmiðilinn vera frábæra leið til að brúa bilið á milli blaðanna.**

Hún hefur gott auga fyrir grafík og ljósmyndum sem skín í gegn á vefsíðunni. Hún er menntuð sem grafískur hönnuður og segist hafa nýtt sér það í öllu ferlinu. Myndirnar eru fallegar og vefurinn aðgengilegur með efni sem tengist íslenskri náttúru, heilsu og hug og fleiru. „Það er svo mikið sjónrænt áreiti á okkur og því finnst mér svo mikilvægt að fólk geti notið síðunnar og það er nánast sem augað hvílir í leiðinni.“

# ÚR

## 50% afsláttur

DKNY - Casio - Fossil - Diesel

# GULL

## 30% afsláttur

# SILFUR

## 50% afsláttur

# Verzlunin í Spönginni

# LOKAR

– allt á að seljast

**Jón Sigmundsson**  
Skartgripaverzlun

Stofnuð 1904



# CANADA GOOSE®



TRILLIUM



MONTEBELLO



CITADEL



KENSINGTON



VICTORIA



CHILLIWACK



HYBRIDGE LITE



CHATEAU

## GRÍPTU GÆSINA

MIKIÐ ÚRVAL AF CANADA GOOSE DÚNÚLPUM

# SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# DAGUR Í LÍFI ALDÍRAR LJÓSMYNDARA

Aldís Pálsdóttir býr á Akranesi og er svo heppin að vera sjálfstætt starfandi. Hún segist gjarnan vera með milljón verkefni á verkefnalistanum sínum og þurfi því að skipuleggja dagana einstaklega vel.



„Dagurinn einkenndist af tímapressu en ég þurfti að fara til Reykjavíkur á fund og ætlaði að nýta ferðina og kaupa afmælisgjöf handa bóndanum mínum. Svo ætlaði ég að koma við í Nýherja og skoða Canon myndavél sem mig langar í. Fara með krakkatölvuna í viðgerð. Koma við í Hagkaupi og skila einum íþróttatoppi. Ég ætla mér íðulega helst til of mikið í einu en það tekst misvel. Sjáum hvernig dagurinn fór.“



**08.00-08.30** Fer á fætur og stekki í 10 mínútna sturtu. Hita svo vatn í kaffið og flóa mjólkina. Ýti við liðinu. Fáir rumska, kveiki á útvarpinu, stilli það hátt og smyr nesti fyrir skólustelpuna. Finn til fötin sem krakkarnir eiga að klæðast í dag. Borða eitt avokadó. Í dag er ég ánægð með að muna eftir því að fá mér morgunmat. Ég gleymi því yfirleitt.



**12.30** Ég tek bensín á leið út á Bláfjallaveg. Umhverfið er dásamlegt við Bláfjallaveg. Allt hvítt af snjó en FÁRÁNLEGA KALT og hvasst. Ég læt mig hafa það í smá stund á meðan ég smelli af nokkrum myndum þarna í allar áttir og hrökklast svo inn í bílinn aftur og bruna til baka.



**13.50** Ég er komin upp í Nýherja. Canon gerir vel við stelpuna sína og ég skoða myndavél sem mig langar að prófa. Canon G1X eða Canon G16. Kontaktaðilinn minn er ekki við svo ég skoða bara vélnar og spái og spekulera. G1X er fallegri vél, ég held ég velji hana.



**13.10** Ég er komin á hinn tókustaðinn og þarf að fá leyfi fyrir myndatöku. Ég kem inn á skrifstofuna og mæti eintómum almennilegheitum. Þarna má ég mynda. Ég kanna aðstæður örliða stund og enda rannsóknarvinnuna því ég þarf að nýta tímann vel og kaupa afmælisgjöfina.



**10.00-10.15** Skólustelpa komin í skólann og sonurinn á leikskóla. Skila bóndanum í Keldnaholt. Fundur með kúnnna, Sunneva Design. Sigríður Vigfúsdóttir klæðskeri hennar mökkakápur og mökkafylgihluti. Við fundum í tvo tíma og ég ákveð þá að kíkja aðeins á þá staði sem hafa komið upp sem hugmyndir fyrir tóknar.

## MATRIX

IMAGINE ALL YOU CAN BE

### MATRIX Á TILBOÐI



Þú færð **TOTAL RESULT** vörurnar frá Matrix með **20% afslætti** í mars

MATRIX  
IMAGINE ALL YOU CAN BE

MATRIX  
total results


Eingöngu selt á hársnyrtistofum

**14.45** Ég orðin óþreyjufull, þarf að kaupa afmælisgjöfina en samt fara af stað til baka kl. 15. Komin í JÖR. Þar er alls konar fint dót. Sé strax vesti sem ég myndi vilja kaupa handa bóndanum mínum. Þarf að einbeita mér að halda athyglinni frá dömudeildinni. Er orðin mjög svöng og uppgötva að ég er bara búin að borða eitt avokadó. Hefði viljað kíkja líka í Suit-búðina á Skólavörðustígnum og Kormák og Skjöld. Keyri burt án þess að kaupa afmælisgjöf. Ákveð að kaupa hana undir minni pressu þó svo að mig langi ógeðslega mikið í þetta vesti.



**17.00** Mætt á Akranes. Á meðan dóttirin er í fimleikum leggjum við bílunum út við fjörborðið og dáumst að fjöllum í kringum okkur. Fallega Hafnarfjallið, hljóðið í öldunni og kaldur gustur í allar áttir. Í dag er bjartur dagur og ég sé allt Snæfellsnesið og Snæfellsjökulinn. Það eru forréttindi að geta verið hér á milli stríða.

# Aukakílóin og preytuna burt!



Ekki lyst á morgunmat? Brauð og kex síðdegis? Tómstundaát á kvöldin og aukakíló?

Ef þetta er lýsing á þér þá er heilbrigð og orkugefandi lífstílsbreyting lausnin.



Á hverjum degi **SEX** tegundir af lífrænu grænmeti

Ultimate Veggies grænmetisduft er millimáltíð beint úr matjurtagarðinum. Mettar þægilega, grennir þig og er stútfullt af næringarefnum sem þú þarfnast daglega. Ríkuleg neysla grænmetis kemur á insúlínjafnvægi og eykur fitubrennslu líkamans á náttúrulegan hátt. Gefur orku og vellíðan í allt að 3 klukkutíma, lengsta og besta blóðsykurjöfnun sem völ er á kemur úr grænmeti. Næringarefnin fara beinustu leið út í líkamann og löngun í „drasmat“ hverfur. Orka og skýrleiki tekur við.

## Bragðgott í safa, 1 kúfuð teskeið

Ultimate Veggies er fæða fyrir alla aldurshópa. 40 millimáltíðir.



## Sverrir Björn Þráinsson

Viðurkenndur grenningarráðgjafi og pistlahöfundur. Sporthúsinu, Kópavogi

„Það hefur sannast hjá mínum viðskiptavinum og sjálfum mér að með notkun LifeStream Ultimate Veggies sem millimál næst meira jafnvægi á blóðsykurinn. Mun auðveldara reynist að stjórna fæðuvali sem eftir lifir dags. Handhægt til inntöku og hægt að njóta hvar og hvenær sem er. Með einni skeið færðu næringaríkan dagskammt af öllu því grænmeti sem þú borðar sjaldnast. Ég mæli hiklaust með LifeStream Ultimate Veggies ef þú vilt ná betra jafnvægi, líðan og grennast um leið.“

100%

VÍSINDI  
NÁTTÚRUNNAR

### INNIHALD:

25% brokkolí  
25% rauðrófur  
25% spínat  
5% steinselja,  
10% rauðkál,  
10% gulrætur

Engin fylliefni, GMO frítt

Fæst í apótekum,  
heilsubúðum, Krónunni,  
Hagkaup og Nettó  
Umboð: Celsus

 **lifestream**  
náttúruleg uppspretta bætiefna



**App vikunnar**

Viltu vera með eigin raunveruleikabátt? Þá er þetta eitthvað fyrir þig. Yevvo virkar svipað og Snapchat en það eru engar endursýningar. Þú safnar fylgjendum og fylgist með lífi annarra í beinni útsendingu gegnum þetta smáforrit. Efnið sem fer í gegnum Yevvo er óritskoðað. Smáforritið er frítt og fæst einungis í iOS.


**facebook**



**Facebook**

Hér er vert að fylgjast með lífsstíls- og barnavörublogginu pauletpaula.com. Hin þýska Peggy er sú sem stendur á bak við Paul & Paula á Facebook og póstar reglulega góðum hugmyndum að barnavörum og hönnun. Einnig er hægt að fylgjast með henni á Pinterest eða á Instagram undir nafninu paul-paula.

**Pinterest**



**Pinterest**

Bresku förðunarfræðingarnir Nicola Haste og Sam Chapman mynda Pixiewoo-teymið og eru miklar YouTube-stjörnur í kjölfar förðunarmynda sinna. Myndböndunum ættu allar konur að fylgjast með á Pinterest eða á YouTube. Þar sýna þær vinkonur ýmiss konar förðun. Meðal annars hvernig hægt er að farða sig líkt og Angelina Jolie og aðrar stórstjörnur. Það er mikil skemmtun að fylgjast með þeim og hver vill ekki líta út eins og hinar stjörnurnar?

**BLOGGARINN** ELSKAR PARÍS OG VINTAGE KJÓLA

Elsa Billgren

[elsa.elle.se/](http://elsa.elle.se/)  
[instagram.com/elsabillgren](https://www.instagram.com/elsabillgren)

Elsa Billgren er sjónvarpspersóna og geysivinsæll bloggari hjá sænska Elle. Hún er mikill fagurkeri og segja myndirnar hennar meira en þúsund orð. Hún bloggar um kærleik og falleg klæði en ein af hennar helstu ástríðum eru stórir vintage-kjólar.



**HOLLARI KOSTUR**  
**Í**  
**SNAKKI**

Gluten frítt • Allt náttúrulegt • Loft poppað



**HENTAR VEL Í ÁTAKINU**

**POPCORNERSIceland**



# PIZZA MÁNÁÐARINS

*Coca-Cola*

## STÓR WILSONS SPECIAL

.....  
SKINKA, PEPPERONI,  
NAUTAHAKK, BEIKON,  
SVEPPIR, ANANAS,  
LAUKUR OG EXTRA OSTUR  
.....

# 1990

ef þú sækir

PANTADU  
Á NETINU



581 15 15

wilsons.is



Ánanaustum

Gnóðavogi 44

Eddufelli 6

Vesturlandsvegi

Brekkuhúsum









KL. 19:45

**Spurningabomban**

Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningabætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

KL. 19:20

**The Simpsons**

Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



KL. 20:35

**The Dark Knight**

Einstaklega vel gerð spennmynd með Heath Ledger, Christan Bale og Maggie Gyllenhaal í aðalhlutverkum.



KL. 22:00

**Total Recall**

Mögnuð spennmynd með Colin Farrell í aðalhlutverki.



KL. 20:40

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómaraþ að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



KL. 21:25

**Grimm**

Spennandi þáttaröð um persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.



KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**SUDOKU**

LÉTT

9	1		2	6	3			
		3	7			5	6	
		7	2			8	9	
		7					8	
8				5			3	
	5		6					
	2							
1	9		5	6		4	7	
5			4	1		9		

LÉTT

1	7	2						
	9			8		5	1	
8							3	6
	5		4	3		9		
9			1					2
	7				9			
4				1		7	6	3
					7			4
					6	1	5	9

MIDLUNGS

PUNG

				3	1			
			3	4		6	2	
				4	6			7
9			3		5		2	8
4		1	9	7				
	6	2		9				4
	5							
3	9		7	2	4			

1	2	9	6	7	3	4	5	8
8	7	3	4	5	2	1	9	6
4	5	6	1	8	9	3	2	7
6	9	1	5	2	7	8	3	4
3	4	2	8	9	1	6	7	5
5	8	7	3	4	6	9	1	2
7	6	5	9	1	8	2	4	3
9	3	4	2	6	5	7	8	1
2	1	8	7	3	4	5	6	9

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS**



Eftir Frode Øverli

**HANDAN VIÐ HORNID**



Eftir Tony Lopes

**BARNALÁN**



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Stundum finnur maður nýjar leiðir til að vinna stríðið þegar maður tapar orrustunni.“

Donald Trump

**KROSSGÁTA**

LÁRÉTT  
2. hróss, 6. samtök, 8. að, 9. forsögn, 11. bókstafur, 12. mælieining, 14. kölski, 16. hróp, 17. traust, 18. skjön, 20. á fæti, 21. innileikur.

LÓÐRÉTT  
1. ónæði, 3. pot, 4. fitlari, 5. berja, 7. ólíkindalæti, 10. geislahjúpur, 13. sigað, 15. ekkert, 16. hljóma, 19. gyltu.

LAUSN  
16. óma, 19. sú.  
11. ka, 12. karat, 14. satam, 16. óp, 17. trú, 18. mis, 20. til, 21. alíuð.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

Walter Browne (2444) var með fullt hús eftir þrjár umferðir á N1 Reykjavíkurskákamóti. Hann vann Richard Bjerke (2162) í þriðju umferð.

**Svartur á leik**



30...Dxb4! (Snotur drottningarförn sem hvítur má ekki þiggja vegna máts í borði) 31. Dd1 Dxa5 32. Ha1 Dc3! 33. Da4 Dxc3 og gamla goðsögnin, sem vann Reykjavíkurskákamótið 1978 vann skákina skömmu síðar.

**www.skak.is** Fimmta umferð N1 Reykjavíkurskákamótsins kl. 16:30.

# SAMSTÖÐUFUNDUR 2

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16  
laugardaginn 8. mars

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

[www.pjóð.is](http://www.pjood.is)



JÁ, ÉG VIL  
KJÓSA!

# MENNING

## Allavega ekki þurrt auga á sviðinu

Furðulegt háttalag hunds um nótt verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Brynhildur Guðjónsdóttir er þar í burðarhlutverki, leikur sérkennara Kristófers, og hún lofar fallegri og áhrifamikilli sýningu þar sem öllum töfrum leikhússins sé beitt.

Í bók Marks Haddon er það sérkennari Kristófers sem leiðir hann í gegnum rannsókn hans á hinu dularfulla hundsdrápi, en í leikgerðinni sem kemur úr ranni National Theater í London er hún hálfgerður sögumaður,“ segir Brynhildur Guðjónsdóttir sem leikur kennslukonu aðalpersónunnar Kristófers í uppfærslu Borgarleikhússins á Furðulegu háttalagi hunds um nótt. „Það má segja að hún sé nokkurs konar akkeri hans í tilverunni, eina manneskjan sem skilur hann og hann kallar hana fram í hugann þegar eitthvað bjátar á.“

Bókin náði mikilli útbreiðslu og naut vinsælda hérlendis, er leikgerðin mjög frábrugðin henni? „Óhjákvæmilega er þetta töluvert frábrugðið. Þar sem þetta er leikgerð þá verðum við að gera hlutina leikbæra, en sagan er eftir sem áður sú sama. Þetta er ennþá saga þessa fallega drengs sem er að reyna að lifa í samfélagi hinna sem eru ekki nákvæmlega eins og hann. Eins og við öll í rauninni. Erum við ekki öll að velta því fyrir okkur hver setur reglurnar? Hver setur þessa mælistiku á það hvernig við eigum eða eigum ekki að vera?“

Brynhildur segir æfingarnar hafa gengið ljómandi vel en misjafnlega auðvitað. „Stundum hefur gengið vel og stundum hefur þetta verið bröskótt. Þótt sagan sé lítil og hjartnæm þá erum við með mjög stóra umgjörð, danshöfundurinn Lee Proud er með okkur og sér um sviðshreyfingar, við erum með myndvörpun, leikmyndin er stór og sviðið náttúrulega gríðarstórt.



**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR** „Þetta er ennþá saga þessa fallega drengs sem er að reyna að lifa í samfélagi hinna sem eru ekki nákvæmlega eins og hann.“

MYND: GRÍMUR BJARNASON

Ég held samt að við séum búin að ydda þetta á þann hátt að við höldum nógu vel utan um þetta fjör-egg sem sagan er til að umgjörðin beri hana ekki ofurliði. Það er öllum töfrum leikhússins beitt og útkoman er gríðarlega flott. Ég

held að þegar þetta smellur allt saman sé heildarmyndin ofsalega falleg og þetta spili allt vel saman til að koma sögunni á framfæri. Það er allavega ekki þurrt auga á sviðinu þegar hvolpurinn birtist.“

fridrikab@frettabladid.is



### UM FURÐULEGT HÁTTALAG HUNDS UM NÓTT

Furðulegt háttalag hunds um nótt hefur slegið rækilega í gegn á West End, var ótvíræður sigurvegari sviðslistaverðlauna Breta, Olivier Awards, á síðasta ári og hlaut sýningin alls sjö verðlaun, meðal annars sem besta sýningin og besta leikritið.

Leikgerðin er eftir Simon Stephens byggð á skáldsögu Marks Haddon, Hilmar Jónsson leikstýrir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikur aðalhlutverkið, Finnur Arnar Arnarsson hannar leikmynd, Þórunn María Jónsdóttir búninga og Björn Bergsteinn Guðmundsson lýsing. Danshöfundur sýningarinnar er Lee Proud og myndband hennar Petr Hloušek en báðir tóku þátt í uppfærslunni á Mary Poppins á síðasta leikári. Frank Þórir Hall er höfundur tónlistar en Ásgeir Trausti semur og flytur titillag sýningarinnar „Frá mér til ykkar“.

## Margir máluðu Halldór Kiljan

Portrett listamanna af íslenskum rithöfundum prýða nú veggi Gunnarshúss á Dyngjuvegi 8. Þar verður opið hús og dagskrá á morgun milli 15 og 17.

„Þetta er tilraun til að skreyta veggina hér með viðeigandi efni,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur sem hefur safnað saman portrettmyndum af íslenskum rithöfundum og hengt upp í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi 8 – húsi Rithöfundasambands Íslands. Þar verður dagskrá í dag milli 15 og 17 af þessu tilefni þar sem Aðalsteinn fjallar um listaverkin, Pétur Ármannsson arkitekt fræðir gesti um Gunnarshús og Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambandsins, ræðir um veru sambandsins í húsinu.

„Þetta eru málverk, teikningar og klippimyndir,“ segir Aðalsteinn um portrettin. „Það var mjög gott samband milli myndlistarmanna og rithöfunda fyrr á tímum og margir rithöfundar birtust oft í portrettmyndum. Mjög margir máluðu til dæmis Halldór Kiljan og Kristján Davíðsson málaði Stein Steinarr trekk í trekk, nánast allt sitt líf.“

Aðalsteinn segir að samið hafi verið við eigendur myndanna um langtímalán á þeim sem þýði að Rithöfundasambandið hafi þær eins lengi og eigendur þurfi ekki á þeim að halda, fari með þær eins og sína eign á meðan, taki ábyrgð á þeim og tryggji þær. „Þetta eru fimmtán myndir í allt, plús myndir sem fyrir voru af Gunnari Gunnarssyni og húsið á. Auk þess eru hér býsn af ljósmyndum af rithöfundum.“

Aðalsteinn segir það hafa verið létt verk að leita uppi portrettin, sem flest séu í einkaeigu. „Ég naut þess að hafa áður sett upp tímabundna sýningu á svona verkum í Gunnarshúsi fyrir nokkrum árum þannig að ég vissi



**AÐ HENGJA UPP** Aðalsteinn kemur Þorsteini frá Hamri fyrir á vegg í Gunnarshúsi. Á bak við hann er meistari Þórbergur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hvar þau var að finna. Eigendunum finnst bara heiður að hafa þau í þessu húsi.“

Dagskráin í Gunnarshúsi verður milli kl. 15 og 17 á morgun, laugardag. Boðið verður upp á léttar veitingar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

gun@frettabladid.is

„Það var mjög gott samband milli myndlistarmanna og rithöfunda fyrr á tímum.“



**VOX POPULI** Kórinn er fimm ára og Grafarvogssöfnuður 25 ára. Því er um tvöfalda afmælistónleika að ræða.

## Uppáhaldslögin úr nótnabunkanum

Vox Populi-kórinn heldur hátíðartónleika á sunnudaginn í Grafarvogskirkju í tilefni fimm ára afmælis.

„Við bjóðum upp á fjölbreytta tónlistardagskrá sem inniheldur gospel, þjóðlög, popplög og dægurlög,“ segir Hilmar Örn Agnarsson, stjórnandi Vox Populi, um afmælistónleika kórsins í Grafarvogskirkju á sunnudag. „Sá háttur var hafður á við lagaval að kór-félagar fengu að velja sín upphaldslög úr nótnabunka síðustu ára,“ heldur stjórnandinn áfram, „því ættu þeir sem hafa fylgt okkur eftir í gegnum tíðina að kannast við nokkur lög.“

Vox Populi-kórinn var stofnaður 9. september 2008 og þetta er því fimmta starfsár hans. Grafarvogssöfnuður er 25 ára á þessu ári og því eru þetta tvöfaldir afmælistónleikar, að sögn Hilmar Arnar.

Einsöngvarar koma úr röðum kórsins og Trío Kjartans Valdemarssonar spilar undir.

Miðasala er á midi.is og við innanganginn á tónleikadaginn. Miðaverð er 2.500 krónur en frítt fyrir 12 ára og yngri.

-gun

**Montana**

**HÖNNUÐUR:  
PETER J. LASSEN**

**40%**

afsláttur af  
sérvöldum  
einingum

**20%**

afsláttur af  
öllum  
pöntunum



## Fagleg ráðgjöf

Helgina 6.- 8. mars verða sérfræðingar  
frá Montana og Erik Jorgensen  
í verslun okkar Skeifunni 6

**AFSLÆTTIRNIR  
GILDA HELGINA  
6. - 8. MARS.**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurlugvöllur / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)



ERIK  
**Jørgensen**

**HÖNNUÐUR EJ 220:  
ERIK JØRGENSEN**

**20%**

afsláttur  
af pöntunum og  
sýningavörum

## Nóvember 1976 þýdd á þýsku

Bók eftir Hauk Ingvarsson kemur út í Þýskalandi næsta haust.

Þýskur þýðandi að nafni Benedikt Grabinski falaðist eftir því við Hauk Ingvarsson, rithöfund og útvarpsmann, að fá að þýða bók hans Nóvember 1976. „Hann hafði samband við mig einn daginn og spurði hvort ég hefði eitthvað á móti því að hann þýddi þessa bók,“ segir Haukur. „Ég hafði ekkert á móti því. Hann sagðist vera kominn með forlag sem væri til í að gefa út bókina. Það er algjör draumur í dós. Ég hafði ekki verið að halda bókinni neitt fram sérstaklega,“ segir Haukur. Bókin kemur út í Þýskalandi næsta haust hjá forlagi sem heitir Edition Rugerup.

„Það kom í ljós að Benedikt hafði verið í sambandi við Forlagið hérna á Íslandi, og þau höfðu verið að fylgjast með gangi mála. Ég vissi hins vegar ekkert af þessu,“ segir Haukur. „Benedikt hefur meðal annars þýtt bækur eftir Pétur Gunnarsson yfir á þýsku. Að því



ÞÝSKALAND Nóvember 1976 eftir Hauk Ingvarsson kom út hjá Forlaginu árið 2011. MYND/STEFÁN KARLSSON

leyti sem ég get lesið þýsku virðast dómarnir hafa verið góðir fyrir þýðingarnar hans, og hann virkar á mig sem vandaður og samviskusamur þýðandi,“ segir Haukur. „Edition Rugerup er lítið forlag í Berlín sem hefur aðallega gefið út ljóðabækur, en byrjaði að gefa út skáldsögur á þessu ári. Þeir gefa ekki út margar bækur, en velja þær vel,“ segir Haukur. - ue



HALLDÓR LÁRÚSSON TROMMULEIKARI

## Bæjarlistamaður Grindavíkur

Halldór Lárússon, trommuleikari og tónlistarkennari, hefur verið útnefndur fyrsti bæjarlistamaður Grindavíkur.

Halldór Lárússon, trommari og tónlistarkennari, hefur verið útnefndur Bæjarlistamaður Grindavíkur 2014 af frístunda- og menningarnefnd. Verðlaunin verða afhent við setningu Menningarviku Grindavíkur bæjar laugardaginn 15. mars. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi verðlaun eru afhent.

Halldór kennir slagverk við Tónlistarskóla Grindavíkur, Tónlistarskólann í Garði og Tónlistarskóla Sandgerðis, en þar er hann einnig starfandi skólustjóri tímabundið. Hann vinnur þessa dagana einnig að kennslubók fyrir unga trommuleikara og hefur nýlega hafið tókur á heimildarmynd um íslenska trommuleikara.

# Endanleg mynd látin flytjandanum eftir

Tónlistarmennirnir Borgar Magnason og Páll Ivan frá Eiðum, koma fram í Hafnarborg á sunnudaginn klukkan 20. Yfirskrift tónleikanna er Samræða um tákni.

„Grunnhugmyndin að tónleikunum í heild tengist samskiptum tónskálda og flytjenda. Sum verkanna sem við flytjum eru mjög nákvæmlega skrifuð en önnur eru með miklum spuna,“ segir Borgar Magnason kontrabassaleikari spurður út í tónleikana Samræða um tákni, sem hann og Páll Ivan, flytjandi og tónskáld, eru með í Hafnarborg í Hafnarfirði á sunnudagskvöldið klukkan 20. Þar ætla þeir að skoða notkun tákna í tónlist í sem víðustum skilningi og flytja tónverk þar sem endanleg mynd verksins er látin flytjandanum eftir.

„Flytjandinn hefur alltaf frjálsar hendur að einhverju leyti og eins og staðan er í dag er einhver veginn allt opið. Hvað er þá spuni og hversu mikil áhrif vill tónskáldið hafa á þann spuna? Þessu veltum við Páll Ivan fyrir okkur,“ lýsir Borgar.

Hvernig ætlið þið að túlka þessar vangaveltur fyrir áheyrendum? Greina þeir auðveldlega hvort þið eruð að fylgja nótum eða spinna?

„Kannski mismikið. Þetta er ekki kennslustund. Það eru fimm verk á tónleikunum sem eru hvert með sínum hætti hvað þetta varðar. Eitt verkanna er frægt verk um myndmál, annað er strúktúr sem er skýrt skrifað út þó beitt sé óhefðbundinni aðferð við það. Mitt verk er sambland af hefðbundinni nótna-



TÓNSKÁLD OG FLYTJENDUR Páll Ivan frá Eiðum og Borgar Magnason kontrabassaleikari verða með frekar óhefðbundna tónleika í Hafnarborg á sunnudaginn.

skrift og textaskýringum fyrir flytjendur og grafík. Á endanum eru þetta auðvitað bara tónleikar.“

Síðasta verkið á dagskránni fékk Borgar Harald Jónsson myndlistarmann til að semja. „Mér finnst Haraldur hafa svo sterka tilfinningu fyrir tempói, strúktúr og táknumyndum. Hann er sjálfur í verkinu og hefur fólk með sér svo það verður smá leik-

rit í því líka. Svo tengist það vel sýningunni sem Haraldur er með á neðri hæðinni í Hafnarborg og að skoða hana eftir að hafa hlýtt á flutning verksins – opnar fyrir eitthvað nýtt.“

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Hljóðön. Almennt miðaverð er 2.500 krónur en 1.500 fyrir eldri borgara og námsmenn. gun@frettabladid.is

### Um flytjendur

Borgar Magnason kontrabassaleikari, spunaleikari og tónskáld hefur komið fram sem einleikari og starfað með listamönnum af ólíkum sviðum. Hann hefur flutt og tekið upp tónlist eftir tónlistarmenn úr ólíkum áttum, samið tónlist fyrir leikhús og dans og unnið fjölmargar útsetningar fyrir dægurlagatónlist.

Páll Ivan frá Eiðum á að baki fjölbreyttan feril sem tónskáld og hljóðfæraleikari. Hann leikur á tölvur, raf- og kontrabassa, píanó, gítar og lúðra hvers konar. Tónverk Páls Ivans hafa verið flutt á fjölmörgum tónleikum og tónlistarhátíðum víðsvegar um Evrópu og Bandaríkin. Páll Ivan er einn af stofnendum tónskáldahópsins SLÁTUR.

### → Um Hljóðön

Hljóðön er metnaðarfull tónleikaröð í Hafnarborg tileinkuð tónlist frá 20. og 21. öldinni þar sem einstök hugmyndaauðgi og listræn glíma tónskálda leiða áheyrendur inn á áður ókunnar slóðir. Tilgangur hennar er að kynna ólík verk samtímatónskálda í fremstu röð.

Nafn tónleikaraðarinnar skírskotar til smæstu merkingargreinandi hljóðeininga tungumála, grunneininga sem þúsla má ólíkt saman svo úr verði tilraun til merkingar. Umsjónarmaður hennar er Práinn Hjálmarsson.



BYLGJAN989

#BYLGJAN

# BAKARÍÐ ER Í LOFTINU

RÚNAR OG JÓI HENDA Í NOKKRAR SORTIR

LAUGARDAG MILLI KL. 09:00 - 12:00

**ÚLPUDAGAR**  
**30%** AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM ÚLPUM

**ÚTILÍF**



## Svona á að gera þetta!

DÓMUR ★★★★★

### Dallas Buyers Club

Aðalleikararnir Matthew McConaughey og Jared Leto fengu báðir Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína og ekki skrítið. Karakterar þeirra og persónur eru fullar af fallegum smáatriðum og ná leikararnir þannig að skapa heim sem verður aldrei ótrúverður eða yfirborðskendur.

Ög meira að segja í öllum hörmungunum sem dynja yfir framkalla samskipti persónanna bros, jafnvel hlátur, stöku sinnum.

Margir segja að þetta sé ein besta mynd síðasta árs og ég tek svo sannarlega undir það.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Gott handrit, frábær leikstjóri og stórkostlegir leikarar gera það að verkum að þessari sannsögulegu sögu eru gerð svo góð skil að áhorfandinn sogast inn í frásögnina og gleymir stund og stað. Ein besta mynd ársins 2013–staðfest!

# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**12.00** Helena Guðlaug Bjarnadóttir og Eyrún Unnarsdóttir flytja dúetta eftir Mendelssohn ásamt Daníel Þorsteinsyni píanóleikara í Hömrum í Hofi á Akureyri. Miðaverð 2.500 krónur.

**12.00** Ljóðaljóðin verða flutt á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**19.30** Midori leikur Mendelssohn í Eldborg í Hörpu. Miðaverð 6.600 kr. / 5.100 kr. / 4.400 kr. / 3.400 kr. / 2.300 kr.

**22.00** Melrakkur á Græna hattinum (Akureyri). Miðaverð 2.500 krónur.

**22.00** Hljómsveitin Thin Jim heldur afmælistónleika á Rósenberg.

**23.00** Hljómsveitin Úlfarnir skemmtir á sveitaballi í Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Ókeypiss inn!

### Hátíðir

**16.00** Fyrirtækjasmiðja ungra frumkvöðla verður með árlega Vörumessu sína í Smáralind um helgina þar sem framhaldsskólanemendur kynna fyrirtækin sem þeir hafa stofnað í tengslum við námskeið Fyrirtækjasmiðjunnar.

**20.00** Reykjavík Folk Festival á Kexi hosteli. Miði á föstudegi 3.000 krónur. Miði á öll kvöldin 7.999 krónur.

### Umræður

**15.00** Líffræðifélag Íslands og Líffræðistofa HÍ standa fyrir málstofu um sameindalíffræði og stofnfrumunannsóknir í stofu 132 í Öskju í Háskóla Íslands.

### Leikrit

**19.30** Spamlot á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Miðaverð 5.650 krónur.

**19.30** Svanir skilja ekki í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

**20.00** Gullna hliðið sýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Lísu og Lísu í Rýminu hjá Leikfélagi Akureyrar. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Furðulegt háttalag hunds um nótt. Generalprufa á Stóra sviði Borgar-

leikhússins. Miðaverð 3.000 krónur.

**20.00** Títus í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð 2.000 krónur.

**20.00** Óskasteinar á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750.

### Málþing

**15.00** Menningarfélagið, félag framhaldsnema í menningargreinum íslensku- og menningardeildar býður til málþings um andóf og jaðarmenningu í stofu 423 í Árnagarði.

### Dans

**20.00** Dansaðu fyrir mig í Tjarnarbró. Miðaverð 3.900 krónur.

### Uppistand

**20.00** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallar-anum. Miðaverð 2.900 krónur.

**22.30** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallar-anum. Miðaverð 2.900 krónur.

### Fyrirlestrar

**11.00** Valgeir Erlendsson flytur fyrirlesturinn Afnáms hafta, reynsla og lærdómur á málstofu hagfræðideildar í fundarherbergi á 3. hæð í Odda, Háskóla Íslands.

**13.00** Þórunn Sigurðardóttir ver doktorsritgerð sína: Heiður og huggun. Erfilljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld. í hátíðarsal Háskóla Íslands.

**13.00** Elín Björk Jóhannsdóttir, MA í almennri bókmenntafræði, flytur fyrirlestur sem ber heitið Kona sem átti að vera einsog kóflaska í laginu - Máva-hlátur og átraskanir. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

### Myndlist

**16.00** Myndasögusýning á verkum listakonunnar Lóu Hlínar Hjalmtýsdóttur opnuð í myndasögudeild á annarri hæð aðalsafns Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu 15.

**20.00** Yfirlitssýning á verkum Magnúsar Kjartanssonar (1949-2006) myndlistarmanns opnuð í Listasafni Íslands.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



**KRYDD** Sigurbjörn B. Edvardsson, Kormákur Arthússon, Guðbjörg Lára Másdóttir, Þórhildur Þórarinsdóttir, Anna Borg Friðjónsdóttir og Adrianna Domisz flytja saman inn krydd.

MYND/ÚR EINKASAFNI F74060314 KRUMMI

## Verslingar flytja inn indversk krydd

Konur sem hafa orðið fyrir sýruárás njóta góðs af fyrir-tæki sem verður kynnt á Vörumessu í Smáralind.

„Við fengum þessa viðskiptahugmynd eftir umfjöllun UN Women um sýruárásir á Indlandi,“ segir Sigurbjörn B. Edvardsson, sem kynnir fyrirtæki sitt og félagasinna á Vörumessu ungra frumkvöðla um helgina. Verzlunarskóli Íslands er einn skólanna sem taka þátt í Vörumessunni, sem er haldin í tengslum við námskeið Fyrirtækjasmiðjunnar. Nemendur stofna fyrirtæki og reka það í þrettán vikur. „Þarna tvinnast saman það sem krakkarnir hafa lært síðustu ár,“ segir Guðrún Inga Sívertsen, kennari í Verzlunarskólanum. „Markmiðið með verkefninu er að læra að koma hugmynd í framkvæmd. Krakkarnir fá viðskiptahugmynd, stofna fyrirtæki, ráða í stöður innan fyrirtækisins og framleida vöru eða þjónustu, eða kaupa vöru til endursölu. Þessa dagana eru starfrækt tuttugu fyrirtæki í Versló,“ segir Guðrún Inga.

Fyrirtæki Sigurbjarnar og féлага

hans heitir Krummi. „Hugmyndin var að stofna, í samvinnu við hjálparstærktök á Indlandi, vinnustað fyrir konur í Mumbai sem hafa orðið fyrir sýruárás. Þær fá vinnu við að pakka inn kryddi sem við sendum á vinnustaðinn, og við borgum þeim sanngjörn laun fyrir. Kryddið kaupum við frá indverskum bændasamtökum. Við hittum stjórnarformann bændasamtakanna á ráðstefnu í Nürnberg í Þýskalandi. Við fundum með mögulegum fjárfestum á næstu dögum,“ segir Sigurbjörn.

Verkefni nemenda eru fjölbreytt. „Meðal annars eru saumaðar og hannaðar íþróttabuxur, bindi saumuð og hönnuð, gefinn út geisladiskur, slaufuherðatré búið til og tunguburstar seldir,“ segir Guðrún Inga Sívertsen. Alls verða 35 fyrirtæki, stofnuð af nemendum úr ýmsum framhaldsskólum, kynnt í Smáralind um helgina.

ugla@frettabladid.is

## FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



## DREYMDI UM VENJULEGT LÍF

**Björg Guðrún Gísladóttir** ólst upp í versta slömmi Reykjavíkur við heimilisofbeldi, misnotkun og einelti. Hún missti þó aldrei sjónar á markmiðinu um betra líf, tókst á við upprunann og áföllin, gekkst við kynhneigð sinni og er í dag ímynd heilbrigðra viðhorfa til lífsins.



## Fær oft að heyra að hún sé ömurleg húsmóðir

**Liv Bergþórsdóttir** hefur hlotið hverja viðurkenninguna eftir aðra upp á síðkastið, en hún er forstjóri Nova. Hún hefur alltaf haft gaman af vinnu en segir skólann hafa verið henni kvöð.

## Mistök eða morð?

Réttarhöld yfir suðurafríska spretthlauparanum **Oscar Pistorius** hófust á mánudaginn en honum er gefið að sök að hafa orðið kærustu sinni, Reeve Steenkamp, að bana. Pistorius segist saklaus og berst nú fyrir frelsi sínu í réttarsal í Pretoríu.



## Gleðin sprottin úr sársauka annarra

Allt um Óskarsverðlaunahafann **Lupitu Nyong'o** – leikkonuna og tískugyðjuna sem er á allra vörum.



Hagkaup og Neutral bregða á leik

# Viltu vinna þvottavél?

Ef þú verklar vörur frá Neutral fyrir að lágmarki 2.000 kr. áttu möguleika á að vinna þvottavél frá AEG.



**Neutral**<sup>®</sup>  
verndar viðkvæma húð



Vinningar:

1. AEG þvottavél að verðmæti 145.900
- 2-4. Neutral gjafakarfa
- 5-10. Neutral Face Care taska

Leikurinn stendur til 16. mars 2014

Þú kemur kassakvittun ásamt þáttökuseðli í merktan kassa í næstu Hagkaupsverslun eða sendir til Nathan & Olsen, Klettagörðum 19, 104 Reykjavík, merkt Neutral leikur. Haft verður samband við vinningshafa.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## 5 hugmyndir að fallegum fléttum

# Magabolir og strigaskór hjá Chanel

Það var skammt stórra högga á milli á sýningu Chanel á tískuvikunni í París á dögunum. Karl Lagerfeld sýndi að hann stendur undir nafni sem tískukóngurinn og bauð upp á strigaskó, magaboli, fallegar yfirhafnir, prjónapeysur og buxur og svo slæddust klassísku dragtirnar með inn á milli. Tískupallurinn var eins og matvöruverslun og voru sumar fyrirsæturnar með innkaupakörfur. Tískuspekingar voru hæstánægðir með óvenjulega haust-og vetrarlínu Chanel.





## Fermingargjöfin sem mýkist áar eftir áar

Íslensk hönnun 100% Pima bómull

Rúmföt verð frá: 7.990 kr



Lín Design Laugavegi 176 og Glerártorgi www.lindesign.is Sími 533 2220

## TÍST VIKUNNAR



Karen Kjartansdottir  
@karendrofn  
Hvort er Pútín eða Kerry með meira bótox?



Possi  
@thossmeister  
Er tilbúinn að láta tvo miða á Justin á ...EINA MILLJÓN! Ekki í stúku samt.



Guðmundur Steingrims  
@GudmundurStein  
Heyri að þeir þarna í ESB séu að segja að SDG sé enn einu sinni að segja að þeir hafi sagt eitthvað sem þeir sögðu ekki. #meirivitleysan



Katrín Atladóttir  
@katrinat  
Getum við ekki farið að hóphata einhvern nýjan? Verð að fara að losna við köngulóarlagið úr heilanum.



Þórir Sæmundsson  
@ThorirSaem  
Sem 1 af 18 íslendingum sem eiga ekki miða á JT get ég fullt að þessir tónleikar verða algert antíklímax. Eins og stór WowAir-árshátíð.



Steindi JR  
@SteindiJR  
Bill Murray lítur út eins og hann hafi dáið 1994. #Óskarinn #TeamMurray



Hallgrímur Helgason  
@HalgrimHelgason  
SDG á ekki að fara í fleiri viðtöl. Hann á bara að vera svona lóner forsætisráðherra sem aldrei lætur ná í sig & slítur aðildarviðræðum með SMS-i.



Svanhildur Hólm  
@svanhildurholm  
B, sjö ára: „Mamma, var í „gamladaga“ þegar þú varst lítil?“ Þetta er búið ... Á ég að segja ykkur frá því þegar rafmagnið kom?



## FOR THE WAY IT'S MADE

Frá ofnum til helluborða. Frá ísskápum til hrærivéla.

Tilfinningin er eins og þú sért í atvinnueldhúsi.  
Þú kemur með hæfileikana, ástríðuna og hugmyndaflugioð.

Tækin frá Kitchenaid koma þér nær fullkomnun. Alltaf.  
Gerum það gómsætt. Gerum það einstakt í sameiningu.

Komdu og kynntu þér málið.

**KitchenAid**



*Opið virka daga 9-18  
og laugardaga 11-15*



**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

# Kjöttbollur og kanilostakaka

Fátt er skemmtilegra en að nostra við mat og verja gæðastundum með fjölskyldunni í bakstur eða eldamennsku. Hér eru tvær ljúffengar uppskriftir, sem er tilvalið að prófa um helgina, frá fólki sem tengist fjölskylduböndum, systur annars vegar og hjónum hins vegar.



## Tveir eftirréttir mæstast

Systurnar Tobba og Stína blöggja um mat á síðunni Eldhússystur. Uppskriftin sem þær deila er að skemmtilegum eftirrétti sem sameinar tvenns konar gotteri-ostakökur og kanilsnúða.

## Cinnabon-ostakaka

**Botninn**  
150 g (¾ bolli) sykur  
76 g (¼ bolli) mjúkt smjör  
1 egg  
125 ml (½ bolli) mjólk  
1 msk. vanilludropar  
256 g (2 bollar) hveiti  
2 tsk. lyftiduft  
½ tsk. salt

## Deigið

450 g rjómaostur  
130 g (5/8 bolli) sykur  
1 msk. vanilludropar  
1 msk. rifinn sítrónusafi eða  
1 msk. sítrónusafi  
1 msk. hveiti  
3 egg

## Kanilfylling

76 g (¼ bolli) smjör  
220 g (1 bolli) púðursykur  
3 msk. kanill

## Glassúr

2 msk. rjómaostur  
2 msk. smjör, mjúkt  
1 msk. sítrónusafi  
2 tsk. vanilludropar  
125 g (1 bolli) flórsykur  
mjólk ef þynna þarf kremið

## Leiðbeiningar

Hitið ofninn í 175°C. Leggjið bökunarpappír yfir botninn á smelluformi og smellið síðan forminu saman. Smyrjið hliðarnar á forminu með smjöri.

## Botninn

Peytið saman sykur, smjör og egg þar til blandan er ljós og létt. Hrærið mjólkina og vanilludropana saman við og leggið til hliðar. Sigtíð saman hveitið, lyftiduftið og saltið. Hrærið hveitiblönduna saman við smjörbönduna,

deigið á að vera vel þykkt. Setjið til hliðar.

## Deig

Peytið saman öll innihaldsefni þar til deigið er létt og ljóst. Setjið til hliðar.

## Kanilfylling

Bræðið smjörið, hrærið púðursykurinn og kanilinn saman við smjörið. Setjið til hliðar.

## Kakan sett saman

Takið helminginn af botndeiginu og smyrjið því á botninn á smelluforminu. Því næst er rjómaostsdeiginu hellt í formið. Takið hinn helminginn af botndeiginu og dreifið „slettum“ af því yfir kökuna með matskeið. Takið kanilfyllinguna og dreifið henni einnig með „slettum“ yfir kökuna. Takið hníf og dreifið vel úr slettunum.

Bakið í 45 mín., kakan brúnast lítillega.

Eftir að hún er komin úr ofninum fellur hún svolítið. Látið kökuna kólna og takið hana úr forminu.

Berið kökuna fram með glassúr.

## Glassúr

Peytið saman rjómaostinn og smjörið þar til það er létt og ljóst. Hrærið sítrónusafann og vanilludropana saman við, að lokum er flórsykri bætt út í og hrært. Ef glassúrinn er of þykkur er hægt að þynna hann með mjólk.



## Framandi kjöttbollur

Hjónin Ásta og Pétur deila uppskrift að marokkóskum kjöttbollum með lesendum Fréttablaðsins en þau halda úti blogginnu Matur og með því.

## Marokkóskar kjöttbollur (Kefta) í kryddsósu

### KJÖTBOLLURNAR

500 g lambahakk  
2 msk. sýrður rjómi  
2 tsk. paprika  
1 tsk. malað cumin  
1 tsk. malað kóríander  
1 tsk. kanill  
¼ tsk. rífið múskat

¼ tsk. cayenne-pípar  
2 msk. af saxaðri ferskri steinselju og kóríander

Setjið öll hráefni í skál, blandið vel saman og mótið litlar kjöttbollur.

### SÓSAN

1 rauðlaukur, rifinn á rifjárn  
2 msk. smjör  
4 msk. af saffran vatni (4 msk. volgt vatn og smá af saffrani)  
1 tsk. paprika  
½ tsk. malað cumin  
¼ tsk. malað engifer  
1 dl vatn  
4 msk. saxað ferskt kóríander-ek

ert að því að nýta stilkana líka.  
2 msk. sítrónusafi


Setjið öll hráefni nema 1 msk. af kóríander og sítrónusafa á stóra pönnu og steikið á meðalháum hita í 10 mín. Lækkið niður í meðallagan hita og bætið kjöttbollum út í. Setjið lok á pönnuna og eldið í 30 mín. Snúið kjöttbollunum eftir 15 mín.

Pegar kjöttbollurnar eru full-eldaðar bætið þá sítrónusafa út í og salt og pípar eftir smekk. Stráíð 1 msk. af kóríander yfir og berið fram.

## Skilgreining óskast, eða hvað?

Ég fór að spá í klámi (eins og svo oft áður). Í sumu klámi eru konur með mörgum einstaklingum í einu og taka við öllu því sem bólfélaginn býður upp á. Þetta þykir mörgum æsandi og uppskera örvun og upphitun fyrir sjálfsfröun. Sumir svo hugsa um það sem þeir/þær sáu í kláminu og jafnvel óska þess að svona væri raunveruleikinn og þá væri lífið nú gott. Rassinn eins og rennibraut sem hægt væri að gamna sér óhindrað í og munnur sem tekur við eins og ekkert sé kúgunarviðbragðið. Þetta er svona klám sem ég hugsa að margir flokki sem klám. Ætli það sé ekki svolítið gagnkynhneigt þar sem stelpur eru með stelpum fyrir stráka en ekki fyrir hvor aðra. Þó ég sé reyndar ekki alveg viss hvort það sé raunverulegur munur því sumar þessara þekktu leikkvanna eru í sambandi með konum, utan vinnutímans. Kannski liggur munurinn í því að þegar leikkonurnar stimpla sig út úr vinnunni þá kemur ekki landslið handknattleiksmanna í heimsókn og það endar í hópkyllífi. Slíkt er sparað fyrir myndavélarnar. Með gagnkynhneigðu klámi þá á ég við að handritið byggi oft á svipaðri formúlu þar sem konan þjónar og tekur við því sem karlinn býður upp á. Ætli það sé ekki hið „hefðbundna“ klám í hugum margra. Ástæða fyrir því að ég virðist vera með klám á heilanum er að við virðumst ansi mörg vera með klám á heilanum. Eftir að hafa tjáð mig opinberlega um klám og að það geti verið alls konar þá virðist ég hafa potað óþægilega í ansi marga og kannski ruggað skilgreiningarbatnum, nú þurfum við að fara gera upp hug okkar hvað sé klám.

Mér finnst erfitt að flokka klám. Það er til svo margs konar klám og ég veit ekki hvar mörkin liggja á milli kynferðislega opinskás efnis og kláms. Margir segjast vita það þegar þeir sjá það. Þannig getum við varla flokkað klám. Hvernig eigum við þá að flokka það? Aug-



**KLÁM?** „Sumir segja klám á meðan aðrir segja erótík.“

ljóst valdaójafnvægi, segja sumir. En það er þekktur kynlífsleikur sem gengur út á slíkt. Hvernig vitum við hvenær eitthvað er í neyð og hvenær það er leikur? (sem er einmitt það sem klám er, leikur í mynd). Ef við miðum við sýnileika kynfæra þá dansa margar bíómyndir á línunni að vera klám. Ætli það kannski skipti máli hver framleiði myndina og af hverju? Er hægt að gera „fair-trade“ lífrænt klám?

Í fyrirlestrum mínum um klám og staðalmyndir þá sýni ég nemendum nokkrar myndir og spyr hvað sé klám og hvað erótík. Undantekningarlaust eru nemendur ósamála. Sumir segja klám á meðan aðrir segja erótík. Þegar ég nota leitarorðið erótík sé ég sumt sem ég myndi flokka sem klám. Mér þykir þetta alveg jafn erfitt og þér og mér þykir leiðinlegt að ég skuli valda þér vonbrigðum með þessum roluhætti mínum í skilgreiningaleyssinu. Ég veit þú þolir ekki að ég skuli vera svona óskýr í þessu máli, en lumar þú kannski á skilgreiningu?

## KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!

Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnir gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



**Dior**  
CAPTURE TOTALE

UPPLIFDU HÚÐ DRAUMA  
ÞINNA. SAMSTUNDIS, Í DAG  
OG Á MORGUN.

**DREAMSKIN**

- NÝTT -  
FYRSTA ALHLÍÐA KREMIÐ SEM SPORNAR GEGN ÖLDRUN HÚÐAR  
UPPLIFDU Í FYRSTA SINN ALGJÓRA UMBREYTINGU Á HÚÐ ÞINNI!  
MINNKA LÍNUR - HÚÐHOLUR - DÖKKA BLETTI - RÓÐA - ENDURVEKUR LÍFLAUSA HÚÐ

Ný uppgötvun Dior endurvekur húð þína til fyrra lífs, jafnvel án farða. VIÐ ÁSETNINGU, fingerist yfirborð húðar, húðholur dragast saman, brúnir blettir og roði minnka, og húðin fær óviðjafnanlegan ljóma. VIÐ DAGLEGA NOTKUN, batnar ástand húðar þótt sé kröftugum eiginleikum stofnfruma sem sporna gegn öldrun húðar. Húðin er þéttari, mjúki og jafnari.

90% KVENNA UPPLIFDU ALGJÓRA UMBREYTINGU Á HÚÐINI!  
VIÐ DAGLEGA NOTKUN: JAFNARI HÚÐLITUR 87% - SLETTARI ÁFERÐ HÚÐAR 88% - UNGLEGGRI HÚÐ 81%

ÁHRIFARIKT FYRIR ALLAN ALDR, ALLAR HÚÐGERDIR OG ALLA HÚÐLIT

Velkomin á Dior daga 6.-8. mars  
Sérfræðingur frá Dior kynsir spennandi nýjungar.  
Glæsileg gjöf fylgir kaupum á tveimur Dior vörum.

**SIGURBOGINN**  
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# MEIKAR ÞÚ HITANN?



Sjóðheitur  
réttur á aðeins

**899**  
kr.

CAJUN  
BOXMASTER  
ER **HOT,**  
**HEITUR,**  
**HEITASTUR!**

CAJUN  
BOXMASTER



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM  
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ  
REYKJANESBÆ • SELFOSSI [WWW.KFC.IS](http://WWW.KFC.IS)



Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
3 DAYS TO KILL	8, 10:20
THE MONUMENTS MEN	10:25
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D	4, 6
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D	3:45
RIDE ALONG	6, 8, 10:10
LEGO - ÍSL TAL 2D	3:50
DALLAS BUYERS CLUB	5:45, 8

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
300: RISE OF AN EMPIRE 3D	KL 8 - 10:20
300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS	KL 5:40 - 8 - 10:20
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL TAL 2D	KL 3:30 - 5:45
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL TAL 3D	KL 3:30 - 5:45
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ENSTAL 2D	KL 3:30 - 5:45
THE MONUMENTS MEN	KL 8 - 10:30
RIDE ALONG	KL 5:45 - 8 - 10:15
ROBOCOP	KL 8 - 10:35
SKÝJABÓ MEÐ KJÓTBOLLUM 2 2D	KL 3:30
SAVING MR. BANKS	KL 6 - 9
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D	KL 5:50
3 DAYS TO KILL	KL 8 - 10:30
THE MONUMENTS MEN	KL 8 - 10:30
NYMPHOMANIAC PART 1	KL 8 - 10:30
AUGUST OSAGE COUNTY	KL 5:30

Midásala á: [mid.is](http://mid.is) og [eMiði](http://eMiði)

## Í samanburði við ...

**BAKPANKAR** Í gegnum árin hef ég staðið mig að því að öfunda annað fólk fyrir það sem þú hefur fram yfir mig. Meiri námsgetu, glæsilegra útlit, hærri laun, flottari kærustu, meira sjálfsör-yggi eða meiri fimi á dansgólfinu. Þeir sem sáu mig taka orminn á gólfi Hressó á gamlárskvöld árið 2005 geta staðfest það. Ég veit að ég er langt í frá að vera sá eini þar sem hugsanir í þeim dúrnun gera sig heimakomnar í kollinum.



**STAÐREYNDIN** er sú að það er erfitt að vera sáttur við sjálfan sig og lífið ef maður er í stöðugum samanburði. Þú getur alltaf fundið hrúgu af fólki sem hefur það betra en þú eða stendur þér frammar á einu sviði eða öðru. Nágranninn með flotta bílinn og fólkið í einbýlishúsunum sem þú keyrir fram hjá á leið þinni heim í blokkina. Fallega og fræga fólkið

sem brosir út að eyrum á forsíðum blaðanna. Ef maður hefði það bara jafn gott og þetta fólk.

**EN** af hverju að bera sig saman við þá ríkari, falletgri og færari? Erum við ekki að bera okkur saman við rangan hóp fólks? Lausnin hlýtur að vera fólgin í því að bera sig stöðugt saman við þá sem minna mega sín. Fátæka fólkið í Afríku og rónana á Austurvelli. Þá sem glíma við mesta fjárhagsörðugleika, erfiða líkamlega fötlun eða eiga grútleiðinlegan maka. Í þeim samanburði er maður kóngur í ríki sínu. Lausnin fundin, eða hvað?

**AUÐVITAÐ** er lausnin hvorki að bera sig saman við minnimáttar eða meirimáttar. Lausnin er að lifa í sátt við sjálfan sig og sleppa stöðugum samanburði. Það hef ég haft að leiðarljósi undanfarin ár. Hvaða máli skiptir það þig hvort Gummi í næsta stigagangi keyri um á Lamborghini eða Lódu? Hefur það eitthvað um það að segja hvort þú komist frá A til B? Ekki nokkurn skapaðan hlut.

# Aldrei fleiri erlendir gestir á HönnunarMars

Greipur segir dæmin sanna að hönnunarferðamenn séu góðir gestir, dvelji lengur og eyði meiru. Hann vill sjá 1.000 gesti á HönnunarMars innan fjögurra ára.

HönnunarMars fer fram í sjötta skipti í lok mánaðarins. Undirbúningur stendur sem hæst en endanleg dagskrá hátíðarinnar verður kynnt í næstu viku. Vel yfir 100 viðburðir eru skráðir til leiks en í ár er metfjöldi erlendra þátttakenda í dagskránni.

„Hátíðin er farin að vekja meiri athygli meðal hönnuða utan landsteinanna og virðist hafa eitthvert aðráttarafi,“ segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars. „Þetta stafar sjálfsagt af nokkrum mismunandi hlutum eins og auknum áhuga erlendra blaðamanna sem erlendir hönnuðir vilja komast í, eins er það hátíðin sjálf og stemningin hér sem dregur að.“

Það virðist sem almennum erlendum gestum fjölgi töluvert milli ára. „Við finnum fyrir miklum áhuga meðal skólahópa og fagfólks, frá Evrópu og Ameríku. Hátíðin hefur á sér ferskan og skemmtilegan blæ sem er blanda af Reykjavík, Íslandi, grasrót og vonandi einhverri fag- og atvinnumennsku.“ Greipur segir takmarkið auðvitað vera að fjölga þessum ferðamönnum því dæmin sanna að hönnunarferðamenn séu góðir gestir, dvelji lengur, eyði meiru og gangi vel um. „Já, á næstu fjórum árum vil ég sjá þúsund erlenda gesti á HönnunarMars, það er mjög raunhæft.“ Hápunktur HönnunarMars ár hvert



**MIKILL ÁHUGI** Greipur segir hátíðina hafa á sér ferskan blæ. BB/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

## DESIGN TALKS




Dagskrá fyrirlestradagsins á HönnunarMars er ekki af verri endanum en auk Calvins Klein halda þar fyrirlestra Mikael Schiller, stjórnarformaður og einn stofnenda sænska tískurisans Acne Studios, Robert Wong hjá Google Creative Lab og Kathryn Firth, arkitekt og hönnunarstjóri hjá London Legacy Development Corporation, svo einhverjir séu nefndir.

er fyrirlestradagurinn DesignTalks. Í ár er hann stjórnum prýddur. Hefur það ekki jákvæð áhrif? „Auðvitað, flott dagskrá með áhugaverðum atriðum hefur alltaf áhrif og vekur athygli. Mörg stór erlend blöð og tímarit hafa sett sig í samband við HönnunarMars og óskað eftir

því að fá að koma til að fjalla sérstaklega um DesignTalks. Þar virðist ameríski tískukóngurinn Calvin Klein eiga stóran hlut að máli en hann heldur mjög sjaldan fyrirlestra eins og hann hyggst gera hér á HönnunarMars.“

olof@frettabladid.is

## SAMBIO.IS



SAMBÍÓ	ALFABAKKA	SAMBÍÓ	EGILSHÖLL
300: RISE OF AN EMPIRE 3D	KL 5:40 - 8 - 10:20	300: RISE OF AN EMPIRE	KL 8 - 10:10 2D: 5:50
300: RISE OF AN EMPIRE VIP	KL 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	GRAVITY 3D SALLUR 1 (STJERNA TALD LANGS)	KL 5:50
SAVING MR. BANKS	KL 5:20 - 8 - 10:40	NON STOP	KL 5:40 - 8 - 10:20
NON STOP	KL 5:40 - 8 - 10:20	GAMLINGINN	KL 8 - 10:20
WINTER'S TALE	KL 10:20	I, FRANKENSTEIN	KL 10:30
GAMLINGINN	KL 8	HR. PÍBODY OG SÉRMANN	ÍSL TAL 2D KL 5:50
I, FRANKENSTEIN	KL 10:30	LÍFSLEIKNI GILLZ	KL 8
HR. PÍBODY OG SÉRMANN	ÍSL TAL KL 3D: 3:40 2D: 3:40 - 5:50	LAUGARÁS BÍÓ	NUMERUS SÆTI
THE LEGO MOVIE	ÍSL TAL KL 3D: 3:30 2D: 3:40 - 5:50	300: RISE OF AN EMPIRE	2D KL 5:40 - 8 - 10:20
THE LEGO MOVIE	ENSTAL 2D KL 8	NON STOP	KL 10:40
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	ÍSL TAL 2D KL 3:20	GAMLINGINN	KL 5:30 - 8 - 10:30
300: RISE OF AN EMPIRE	3D KL 8 - 10:20	12 YEARS A SLAVE	KL 5:20 - 8
SAVING MR. BANKS	KL 8	LAUGARÁS BÍÓ	KEFLAVÍK
NON STOP	KL 10:40	300: RISE OF AN EMPIRE	2D KL 8 - 10:20
GAMLINGINN	KL 5:30	NON STOP	KL 8
THE LEGO MOVIE	ÍSL TAL 3D KL 5:50	3 DAYS TO KILL	KL 10:20
		HR. PÍBODY OG SÉRMANN	ÍSL TAL 3D KL 5:50
		THE LEGO MOVIE	ENSTAL 2D KL 5:50

**BOLTINN Í BEINNI**  
Gullnáman

**Riddarinn**  
Efstofa - Engihjalla

**Hamborgari**  
franskar & bernaise

**Hot wings**  
m. grádstasósu

**Pizza**  
m. skinku og pepperoni

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

3 BEST PICTURE

THE CONGRESS

INSIDE LLEWYN DAVIS

DARK TOUCH

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

EIRÍKUR  
HAUKSSON

EYÞÓR INGI  
GUNNLAUGSSON

STEFÁN  
JAKOBSSON

# LED-ZEPPELIN

HARPA ELDBORG 21.03.14, KL. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS

AUKATÓNLEIKAR KL. 23

Heiðurstónleikar Led Zeppelin í Hörpu, föstudaginn 21. mars kl. 20 og kl. 23. Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Á þessum heiðurstónleikum verða spiluð bestu lög þessarar rafmögnuðu hljómsveitar.

Sérstakir gestir eru Birgir Haraldsson söngvari Gildrunnar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari.

Tónlistarstjóri er Þórir Úlfarsson.

AF HVERJUM SELDUM MIÐA RENNA 500 KR. TIL STYRKTAR MOTTUMARS

Miðasala er á [harpa.is](http://harpa.is), [midi.is](http://midi.is) eða í síma 528 5050.



DÆGURFLUGAN





ÆFING Stelpurnar æfðu í bongóblíðu á Algarve í gær. MYND/KSI

## Mæta Noregi á Algarve í dag

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar mæta Noregi í öðrum leik liðsins á Algarve-mótinu í fótbolta í dag en leikurinn hefst klukkan 14.00 að íslenskum tíma.

Bæði lið töpuðu í fyrsta leik á mótinu. Ísland steinlá fyrir Evrópumeisturum Þýskalands og Noregur tapaði nokkuð óvænt fyrir Kína.

Noregur er silfurlið síðasta Evrópumóts en það mætti Íslandi í riðlakeppninni. Þar gerðu liðin jafntefli, 1-1. Margrét Lára Viðarsdóttir, sem ekki er með á mótinu að þessu sinni, skoraði jöfnunarmarkið úr vítaspyrnu undir lok leiks.

Síðast vann Ísland lið Noregs í undankeppni EM 2013. Þá skoraði Hólmfríður Magnúsdóttir tvö mörk og Margrét Lára eitt mark. Hólmfríður er heldur ekki með á mótinu. Í heildina hefur Noregur unnið sjö af ellefu viðureignum liðanna.

# Möguleikar Íslands eru góðir

Kanadamaðurinn Craig Pedersen er nýr landsliðsþjálfari karla í körfubolta. Hann hefur þjálfað sama liðið í Danmörku í ellefu ár með góðum árangri. Lengi langað til að taka við landsliði og er spenntur fyrir Íslandi.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er mjög spennandi verkefni,“ segir Craig Pedersen, nýráðinn landsliðsþjálfari í körfubolta, í samtali við Fréttablaðið en tilkynnt var um ráðningu hans á miðvikudaginn.

Pedersen er 49 ára gamall Kanadamaður, upprunalega frá Vancouver, sem búið hefur í Danmörku undanfarnin 25 ár. Þar lék hann sem atvinnumaður til ársins 2003 og hóf að þjálfra um leið og leikmannsferlinum var lokið. Hann tók við Svendborg Rabbits og hefur stýrt því undanfarnin ellefu ár. Undir hans stjórn hefur liðið farið sjö sinnum í úrslit dönsku úrvalsdeildarinnar og unnið einu sinni.

### Fylgst vel með Íslandi

Pedersen, sem þrisvar sinnum hefur verið kjörinn þjálfari ársins í Danmörku, hefur ágæta tengingu við Ísland því aðstoðarþjálfari hans hjá Svendborg, Arnar Guðjónsson, var aðstoðarmaður Peters Óqvist með landsliðið. Arnar verður einnig við hlið Pedersens með íslenska liðið.

„Við fylgjumst vel með íslenska körfuboltanum hér í Danmörku rétt eins og ég held að Íslendingar fylgist með þeim danska því hingað kemur mikið af námsmönnum,“ segir Pedersen, sem hefur langað til að þjálfra landslið í nokkurn tíma og sótti m.a. um danska starfið í fyrra.

„Ég held það hafi verið fyrir svona fimm vikum að ég var spurð-

ur hvort ég hefði áhuga, sem ég hafði svo sannarlega. Ég var einn af þeim sem sóttu um hjá danska landsliðinu þegar sú staða losnaði í fyrra en ástæðan fyrir því að ég fékk ekki starfið er sú að danska sambandið vill ekki að þjálfari úr deildinni stýri landsliðinu.“

### Byggjum ekki frá grunnni

Pedersen leynir ekki spenningsínum fyrir að þjálfra íslenska liðið enda hefur það tekið stórstíggum framförum undir stjórn Svians Peters Óqvist.

„Ég hef alltaf verið hrifinn af íslenskum körfuboltamönnum. Þeir eru líkamlega sterkir, góðir í sókninni og miklir íþróttamenn,“ segir Pedersen sem hefur fylgst með hröðum uppgangi landsliðsins undanfarnin misseri.

„Við munum halda áfram að byggja á sömu hlutum. Ég er búinn að sjá að minnsta kosti þrjú leiki frá síðasta sumri, þar af einn bara um daginn. Ég hef verið að reyna finna út hvað menn geta gert og hvaða leikstíll við eigum að nota. Við erum ekki að fara að byrja frá grunnni því liðið er búið að gera vel undanfarnin ár.“

### Vill enga eigingirni

Fyrsta stóra verkefni Pedersens með íslenska liðið verður undankeppni EM 2015 í ágúst. Þar er liðið í riðli með Bosníu og Bretlandi og Kanadamaðurinn er bjartsýnn.



NÝR Craig Pedersen er tekinn við karlansliðinu í körfubolta. MYND/LINDA SÓRENSEN

„Möguleikarnir eru góðir finnst mér. Ég hef ekki séð Bosníu spila mikið en ég held að liðið sé svipað að styrkleika og Búlgaría. Það er reyndar spurning með hvaða lið Bretar mæta til leiks því þeir eiga nokkra leikmenn í NBA-deildinni. Ef þeir verða með þá verður verkefnið augljóslega mun erfiðara en ég er bjartsýnn,“ segir Pedersen en Luol Deng, leikmaður Cleveland Cavaliers, er breskur landsliðsmaður.

Pedersen segir möguleika á að

hann komi til landsins í apríl en vonast þó eðlilega til að vera upptekinn með Svendborg á þeim tíma í úrslitakeppninni í Danmörku. „Annars verðum við að finna einhvern tíma fyrir langa helgi,“ segir hann.

Spurður að lokum hvernig hann vilji að liðin sín spili körfubolta er hann fljótur til svars: „Númer eitt, tvö og þrjú vil ég að liðið spili saman. Ég vil enga eigingirni,“ segir Craig Pedersen.

tom@frettabladid.is



**TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR  
OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR  
Í UMSJÁ BENNA B RUFF.  
FYRSTA FÖSTUDAG HVERS  
MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00**

**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
Höldur

**X**  
97.7

**SMASH**



ÓSÁTTUR Sverrir Þór er ekki ánægður með vinnubrögð KKÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ekki góð framkoma

Sverrir Þór Sverrisson hættur sem landsliðsþjálfari.

**KÖRFUBOLTI** Sverrir Þór Sverrisson sagði í gær upp störfum sem landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta en hann átti eitt ár eftir af samningi sínum. Aðdragandi uppsagnarinnar var vægast sagt furðulegur en Körfuknattleikssamband Íslands var að leita að öðrum þjálfara án vitneskju Sverris.

„Ég gerði þriggja ára samning árið 2012. Ef báðir aðilar voru ánægðir hvor með annan framlengdist hann um eitt ár sem er árið í ár og því átti samningurinn að gilda út 2014,“ segir Sverrir Þór í samtali við Fréttablaðið.

„Ég ætlaði bara að halda áfram þar til ég heyrði í mönnum um daginn. Þeir vissu greinilega ekki að ég ætti eitt ár eftir því þegar ég fékk símtal á þriðjudaginn var mér sagt að þjálfari sem þeir hefðu boðið starfið hafnaði því. Fyrst hann gaf þetta frá sér bauðst mér að vera áfram með liðið en ég hafði ekki nokkurn áhuga á því að starfa áfram á þessum forsendum,“ segir Sverrir Þór.

Aldrei hafði verið rætt við Sverri um að starf hans væri í hættu eða það ætti að skoða aðra möguleika. Svörin sem hann fékk í vikunni voru að afreksnefnd vildi skoða landsliðsmálin en hann ítrekar að

greinilegt var að KKÍ vissi ekki að hann átti eitt ár eftir af samningi sínum.

„Mér finnst þetta mjög léleg framkoma. Svo er frekar sérstakt að vita ekki hvernig samningamálin standa. Menn hefðu ekki þurft annað en að fletta upp í skýrslunum hjá sér til að sjá það,“ segir Sverrir Þór.

Sverri brá svo þegar honum var tilkynnt á þriðjudaginn að annar maður, án hans vitneskju, hefði hafnað starfinu sem hann var í, að hann svaraði engu.

„Ég sagðist bara heyra í mönnum aftur. Svo þegar hringt var aftur í dag [gær] sagðist ég ekki hafa áhuga á þessu starfi lengur,“ segir Sverrir Þór sem sér þó eftir starfinu.

„Ég ætlaði mér alltaf að halda áfram en ekki eftir þetta grín sem búið er að vera í gangi. Það var rosalega gaman að þjálfra þetta lið og okkur hafði gengið vel. Við eigum Helenu úti sem er að spila í góðri deild og fullt af öðrum góðum stelpum hérna heima. Ég hafði gaman af þessu en ég get ekki unnið áfram á þessum forsendum,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, fyrrverandi landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta. - tom






# TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!



**1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins**



**PHILIPS**  
sense and simplicity

 **Heimilistæki** ht.is  
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

**HÁSTEINSVÖLLUR**

Það kom enginn klaki á Hásteinsvöll í vetur. Völlurinn í fínu standi fyrir utan miðjuna sem verður löguð í þessum mánuði. Völlurinn verður í góðu standi.

ÓSKAR ÖRN ÓLAFSSON,  
FORMAÐUR KNATTSPYRNURÁÐS ÍBV

**KÓPAVOGSVÖLLUR**

Enn klaki yfir þriðjungi vallarins. Vonumst til að ná honum af á næstu dögum. Vinnum á honum með vélum og handaflí. Ástandið er ekki gott þar sem mikið dautt gras er að koma í ljós. Við höfum sett hitann í gang undir vellinum og við sáum í völinn við fyrsta tækifæri. Völlurinn verður merktur og net í mörkunum í fyrsta leik.

ÓMAR STEFÁNSSON, FORSTÖÐUMAÐUR  
ÍPRÓTTAVALLA Í KÓPAVOGI

**HLÍÐARENDI**

Það er nánast enginn klaki eftir á vellinum. Við höfum brotið klakann reglulega upp til að sporna gegn súr-efnisleysi í grasinu. Við höfum einnig borið sérstakt efni á völinn sem okkur var ráðlagt að gera. Völlurinn er í heild nokkuð góður miðað við það sem á undan er gengið. Við stefnum á að hann verði góður í upphafi móts.

JÓHANN MÁR HELGASON,  
FRAMKVÆMDASTJÓRI VALS

**LAUGARDALSVÖLLUR**

Ástandið á vellinum er svo sem allt í lagi miðað við hvernig hann hefur verið. Næstum allt svell er farið af honum. Við höfum unnið mikið í vellinum síðan í janúar og reynt margt. Notað járnkarla, sett heitt vatn ofan á til að búa til vatnsrásir og fleira. Kemur í ljós síðar hversu miklar skemmdir eru eftir svellið. Gerum allt til þess að hafa völinn klárán 4. maí.

KRISTINN V. JÓHANNSSON, VALLARSTJÓRI  
LAUGARDALSVALLAR

# Veðurguðir ekki í liði vallarstjóra

Vallarstjórar liða í Pepsi-deild karla biðja nú til veðurguðanna að þeir gefi góðan apríl. Ef tíðin lagast ekki á næstu vikum er ljóst að ástand margra valla í deildinni verður slæmt þegar flautað verður til leiks í byrjun maí. Menn eru misbjartsýnir á framhaldið.

**FÓTBOLTI** Nú eru innan við tveir mánuðir í að flautað verður til leiks í Pepsi-deildinni með pomp og prakt. Fyrstu leikir eiga að fara fram 4. maí.

Fréttablaðið hefur í vikunni tekið púlsinn á vallarstjórum og forráðamönnum félaganna í efstu deild karla og spurt út í ástandið á völlum. Er óhætt að segja að það sé misgott. Stjarnan er eðlilega ekki í þessari úttekt þar sem liðið spilar á gervigrasi og það hefur ekki orðið fyrir neinum skemmdum.

Á meðan það snjóaði varla í Eyjum hafa önnur lið í deildinni þurft að glíma við mikinn klaka á grasinu síðustu mánuði. Sú glíma hefur verið erfið.

Vellirnir úti á landi koma best undan vetrinum en bæði á Akureyri og í Keflavík eru vellirnir í flottu standi.

Kópavogsvöllur virðist vera einna verst farinn en þar hefur mikið dautt gras komið í ljós. Kalskemmdir eru á fleiri völlum og skemmdirnar munu koma í ljós á næstu vikum.

Allir eru sammála um að ef vellirnir eiga að vera í lagi í maí þá þarf apríl að vera mjög mildur og góð úrkoma myndi heldur ekki skemma fyrir.

„Ég hef stórkostlegar áhyggjur af þessu. Ef veðrið verður okkur ekki hliðhollt í apríl þá verður aldrei spilað í deildinni þann 4. maí,“ sagði einn viðmælenda Fréttablaðsins.

Gangi veðurguðirnir ekki í lið með vallarstjórunum í næsta mánuði er hætt við því að endurskoða þurfi fyrirkomulagið í upphafi deildarinnar.

henry@frettabladid.is

**FROSTASKJÓL**

Leikmenn hjálpuðu til við að brjóta niður klakann með járnkörlum. Bárum kalsíumklóríð á völinn í febrúar. Smáskemmdir í vellinum en engar stórar sjáanlegar. Munum halda áfram að vinna í vellinum og vonumst til þess að hann verði klár í fyrsta leik.

SVEINBJÖRN ÞORSTEINSSON,  
VALLARSTJÓRI KR

**PÓRSVÖLLUR**

Við höfum keyrt lágan hita undir vellinum í allan vetur og þar með losnað við alla klakamyndun. Ástand Pórsvallar er gott og við munum hefja leik í sumar við toppaðstæður.

EIÐUR ARNAR PÁLMASSON,  
FRAMKVÆMDASTJÓRI PÓRS

**KAPLAKRIKI**

Völlurinn hjá okkur er í ágætu standi. Við útbjuggum snjóbræðslukerfi sem við lögðum ofan á klakann og það bjargaði okkur. Það eru samt smáskemmdir sjáanlegar en við vonum að hann hafi sloppið við stærri skemmdir.

BIRGIR JÓHANNSSON,  
FRAMKVÆMDASTJÓRI FH

**FYLKISVÖLLUR**

Mesti klakinn farinn og völlurinn lífur ekkert illa út. Það er samt ekkert öruggt fyrir en fer að vora. Ekki er hægt að svara því strax hvort hann verði klár í fyrsta leik.

ÁSGEIR ÁSGEIRSSON,  
FORMAÐUR KND. FYLKIS

**FJÖLNISSVÖLLUR**

Völlurinn er nánast klakalaus en smá eftir í köntum. Klakinn fór að mestu fyrir viku. Það eru kalskemmdir í vellinum og einnig skemmdir eftir vinnuvélar sem brutu upp klakann. Völlurinn er í félagslitunum, gulur, en við stefnum á að spila á honum í upphafi móts.

VILHELM P. FINNSSON,  
VALLARSTJÓRI FJÖLNIS

**VÍKIN**

Klaki liggur enn yfir hluta vallarins en hefur hopað mikið síðustu vikuna. Erum bjartsýnir á að völlurinn verði klár í fyrsta leik en þá þarf hitastig að hækka og væta að fylgja með.

HARALDUR HARALDSSON,  
FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍKING

**NETTÓVÖLLURINN**

Það er enginn klaki á Nettóvellinum og hefur hann verið klakalaus í mánuð. Okkar völlum verður klár í fyrsta leik.

ÞORSTEINN MAGNÚSSON,  
FORMAÐUR KND. KEFLAVÍKUR



betsson

SPORT  
besta sætið

# STÁLIN MÆTAST

OMARI AKHMEDOV

GUNNAR NELSON



## ANNANÐ KVÖLD!

UPPHITUNIN HEFST KL. 18:15

SPORT

### UFC veisla á Stöð 2 Sport

Gunnar Nelson snýr loks aftur í búið og er þyrstur í sinn tólfta sigur þegar hann mætir hinum 26 ára rússneska bardagakappa Omari Akhmedov. Okkar maður er ósigraður og stefnir á toppinn.

Stöð 2 Sport mun sýna frá 25 UFC bördögum á þessu ári ásamt 52 UFC Now og sjö UFC Unleashed þáttum.

**Ekki missa af þessum stórviðburðum!**



### Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**  
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum þökkum.

**180.000 kr. sparnaður**  
á 36 mánuðum

Fáðu þér áskrift! **365.IS**



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 32. STARFSÁR  
THE HALLGRIMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 32ND SEASON

# MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

## THE MOTET CHOIR OF HALLGRIMSKIRKJA

STJÓRNANDI / CONDUCTOR: HÖRÐUR ÁSKESSON



1614-1674

# HALLGRÍMUR PÉTURSSON

400 ÁRA AFMÆLI / 400TH ANNIVERSARY

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU  
FESTIVE CONCERT IN HALLGRIMSKIRKJA

TIL HEIÐURS MESTA SÁLMAKÁLDI ÍSLENDINGA  
IN THE HONOR OF ICELAND'S GREATEST HYMN WRITER

SUNNUDAGINN 9. MARS 2014 KL. 17 / 5 PM

Á EFNISKRÁNNI ERU HALLGRÍMSSÁLMAR EFTIR JÓN NORDAL,  
ÞORKEL SIGURBJÖRNSSON, JÓN HLÖÐVER ÁSKESSON, SIGURÐ SÆVARSSON,  
HALLDÓR HAUSSON OG HREIÐAR INGA ÞORSTEINSSON OG VERK EFTIR SAMTÍMAMENN HALLGRÍMS,  
HEINRICH SCHÜTZ, MOGENS PEDERSON OG THOMAS SCHATTENBERG

THE PROGRAM INCLUDES MUSIC BY CONTEMPORARY ICELANDIC COMPOSERS AND GERMAN AND DANISH BAROQUE MASTERS

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION 3.500 / 2.500 ISK.

MÍÐASALA / TICKET SALE HALLGRÍMSKIRKJA S./TEL 510 1000, OPIÐ 9-17 ALLA DAGA / OPEN DAILY 9 AM - 5 PM

## DRYKKURINN



„Kókosvatn er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er alveg kúkú í kókosvatn eins og Cocoa Puffs-fuglinn myndi segja.“

Friðrika Hjördís Geirsdóttir fjölmiðlakona

## Alls konar djöfulgangur og læti

Kviss Búmm Bang seldi alla miðana á sýninguna Djöfulgang á einni viku. Miðaverð var átta þúsund krónur og hver sýning tekur sex klukkutíma.

„Allir miðarnir seldust upp á einni viku,“ segir Eva Björk Kaaber, ein listakonan í leikhópnum Kviss Búmm Bang, sem setur upp sýninguna Djöfulgang í mars. „Reyndar eru þetta ekki nema 28 miðar í heildina, en það er samt nokkuð gott að selja alla miðana. Ekki síst þegar maður lítur til þess að hver miði kostar átta þúsund krónur, og leiksýningin tekur sex klukkutíma. Svo gengst fólk við því að taka þátt í

alls konar djöfulgangi og látum með kaupum á þessum miðum,“ segir Eva Björk.

Sýningar á Djöfulgangi eru fjórar, og á hverja sýningu komast sjö gestir. Djöfulgangur er þáttökuleiksýning sem hefst á BSÍ, en þaðan er haldið í óvissuferð með viðkomu á Reykjaneskaga. Gestir fá snjógalla, vasaljós og handrit til að fylgja. „Þátttakendur verða til í að fara út í auðnina og mæta sjálfum

sér. Við vissum alveg að í samfélaginu væri fólk sem væri tilbúið til þess,“ segir Eva. Það kom henni ekki á óvart að miðarnir seldust upp. „Það er alls konar fólk sem hefur á áhuga á því að sjá alls konar leikhús,“ segir Eva Björk.

Kviss Búmm Bang hefur fengið Grímutilnefningu, og hlaut frumleikaviðurkenningu frá Stígamótum fyrir framlag til samfélagsbreytinga.



UPPSELT Vilborg Ólafsdóttir, Eva Rún Snorradóttir og Eva Björk Kaaber eru í Kviss Búmm Bang. MYND/STEFÁN KARLSSON



FJÖLHÆF Lóa er myndlistarmaður en er þess fyrir utan söngkonan í hljómsveitinni FM Belfast. VÍSIR/STEFÁN

## Ekkert ofhugsuð sýning

Lóa Hjálmtýsdóttir opnar myndasögusýningu í Borgar-bókasafninu og fer í tónleikaferðalag með bleiur.

„Ég á það svolítið til að ofhugsa hlutina og þess vegna finnst mér ekkert sérstaklega gaman að sýna - en þessi sýning er mjög afslöppuð, í almenningrýminu í bókasafninu,“ segir Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, myndlistarmaður og hljómsveitarmeðlimur FM Belfast, en hún opnar sýningu á annarri hæð, í myndasögudeild aðalsafns Borgarbókasafns, klukkan 16 í dag. Þar má finna ýmis dæmi um myndasögur Lóu. Sýningin stendur út aprílmánuð.

„Ég verð að sýna myndasögurnar mínar og það sem ég hef verið að vinna að síðustu ár,“ bætir hún við. „Ef maður tekur saman það sem maður er búinn að vera að gera yfir langt tímabil þá fær maður yfirsýn yfir það og getur

velt því fyrir sér hvað maður er að gera og hvert maður er að stefna. En til þess þarf maður að komast yfir það að það að sýna gæti mögulega verið stressandi,“ segir Lóa og hlær.

En það er ekki það eina á döfinni hjá hinni fjölhæfu Lóu. „Svo er FM Belfast að fara að gefa út plötu í apríl, en hún heitir Brighter Days. Okkur finnst nafnið mjög viðeigandi,“ segir hún og bætir við að hljómsveitin ætli að fylgja plötunni eftir með tónleikaferðalagi í júní og júlí. „Þetta verður samt ekkert of mikið rokk, tónleikaferðalag með snuddur og bleiur,“ segir Lóa, en hún eignaðist nýverið sitt fyrsta barn.

olof@frettabladid.is

## Einar Ágúst snýr aftur í Skítamóral

Hljómsveitin Skítamóral snýr aftur fullskipuð. Sveitin ætlar að gefa út nýtt efni á árinu. „Það er æðislegt að vera kominn aftur,“ segir Einar Ágúst.

„Það er æðislegt að vera kominn aftur, þetta er algjör draumur. Ég hef voða lítið spilað á böllum undanfarin tíu ár,“ segir Einar Ágúst Viðisson, söngvari Skítamóral, en hann hefur snúið aftur í sveitina. „Það eru tíu ár síðan Einar Ágúst varð viðskila við hljómsveitina. Hann sótti tíma-bundið á önnur mið og við vorum í litlu sambandi á þessum tíma. Hann er á góðu róli í dag og það er frábært að fá hann aftur,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson gítarleikari sveitarinnar, betur þekktur sem Addi Fannar.

Hljómsveitin hefur þó starfað með hléum undanfarin ár og bætti meðal annars við sig gítarleikaranum Gunnari Þór Jónssyni. Einar Ágúst var leynigestur á dansleik á Spot fyrir skömmu og voru viðbrögðin góð. „Viðtökurnar voru frábærar og menn fóru strax að skoða möguleikann á að fá Einar aftur inn í bandið,“ segir Addi Fannar.

Nú þegar Einar er aftur kominn í hljómsveitina var strax farið í að semja lög og texta. „Öll næsta helgi er undirlögð í stúdíói og við gerum ráð fyrir að nýtt lag verði frumflutt fimmtudaginn 27. mars hjá



FULLSKIPUÐ SVEIT Hljómsveitin Skítamóral snýr aftur. Sveitin er nú fullskipuð og ætlar sér stóra hluti á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ívari Guðmunds,“ útskýrir Addi Fannar.

Þeir félagar eru að vinna í nokkrum lögum sem gætu endað á plötu. „Ég veit ekki með plötu, plötusala er orðin eins og hún er í dag. Við ætlum allavega að gefa út nokkur lög. Það er þó aldrei að vita nema ný plata líti dagsins ljós.“ Skítamóral ætlar að vera virk á árinu og hefur nú þegar bókað

„Það er æðislegt að vera kominn aftur, þetta er algjör draumur. Ég hef voða lítið spilað á böllum undanfarin tíu ár.“

fjölda tónleika. „Við erum búnir að bóka þessar helstu helgar í sumar og nú er verið að raða upp sumrinu,“ bætir Addi Fannar við.

Fyrsti formlegi dansleikurinn með Einari verður á Spot laugardaginn 29. mars. „Þetta verður fyrsti formlegi dansleikurinn okkar sem fullskipað band á ný.“ Manstu alla textana Einar? „Þetta er að koma, ég þurfti að rifja þá upp. Ég þurfti líka að rifja upp lög sem ég samdi sjálfur,“ segir Einar Ágúst létur í lundu.

gunnarleo@frettabladid.is



Meðallestur á Fréttablaðinu hvern dag er meiri en uppsafnaður lestur á Morgunblaðinu í heila viku\*

Það þýðir að birting auglýsingar í Fréttablaðinu einhvern einn dag vikunnar, nær til fleiri lesenda en auglýsing í öllum Morgunblöðum vikunnar.

\* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, júl–sept 2013.



Allt sem þú þarft ...

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 2013



## Nýr ŠKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

**ŠKODA Octavia kostar frá  
3.790.000,-**



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99g/km



5 stjörnur í árekstrar-  
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tökum frestað á Hjartasteini

Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstjóri var valinn við sjötta mann í listamannadvöl á Cannes-setrinu í París. Af þessum sökum frestast tókur á fyrstu kvikmynd hans í fullri lengd, Hjartasteini, fram á næsta ár, en á Cannes-setrinu fær Guðmundur aðstoð fagfólks við að þróa kvikmyndina.

Hann fær tækifæri til að kynna Hjartastein á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Guðmundur fékk Edduverðlaun fyrir stuttmynd sína Hvalfjörð og Hjartasteinn hefur fengið vilyrði fyrir 90 milljóna króna styrk úr Kvikmynda-sjóði.



### Timberlake á svarta markaðnum

Miðar á tónleika Justins Timberlake í Kórnum í Kópavogi seldust upp á 12 mínútum. Í boði voru 16 þúsund miðar. Eftirspurn eftir miðunum var mun meiri en framboðið og skömmu eftir að miðarnir seldust upp var fólk farið að óska eftir að kaupa miða á Bland.is. Þeir sem óskuðu eftir miðum á vefnum voru tilbúnir að greiða mun hærra verð fyrir miðana en þeir kostuðu í miðasölu. Vísir kannaði málið óformlega í gær og komst að því að dýrustu miðarnir kostuðu 60 þúsund krónur í stæði. Sömu miðar voru seldir á 14.900 krónur í miðasölu.



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Fylgjum smyglað af fæðingardeildinni
- 2 Gunnar mætti Akhmedov og stóð á höndum | Myndir
- 3 Þegar ég fór í greiðslumat
- 4 Halldór 06.03.14
- 5 Sögðu hjónaband Jóhönnu og Jónínu víðurstyggilegt
- 6 Miði.is hrundi vegna álags

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚMFÖT O.FL.



DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
119.440  
FULLT VERÐ 149.900

CLASSIC sófi turkisblátt áklæði.

### SILO SVEFNSÓFI með tungu



DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
111.472  
FULLT VERÐ 139.900

Stærð: 228x162 H: 83 cm.  
Svefnsvæði 140x190 cm.  
Rúmatageymsla í tungu.  
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

### C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu



DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
352.425  
FULLT VERÐ 442.300  
2 x 80 x 200 CM



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ KOMDU NÚNA**

### FLORIDA tungusófi



DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
143.344  
FULLT VERÐ 179.900

Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.  
Slitsterkt ljós- og dökkgrátt áklæði.

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið



EASY hægindastóll með skemli

DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
69.900  
FULLT VERÐ 89.900

DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
FRÁ KRÓNUM 6.295

### TILVALDAR FERMINGARGJAFIR

TURIFORM Sængurföt



WINTERTIME SÆNG

30% dúnn - 70% smáfiður  
1000 gr. 140x200 cm



DORMA  
- býður góða nótt  
**TAXFREE VERÐ**  
12.669  
FULLT VERÐ 15.900

**DORMA** - býður góða nótt

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 • OPID: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00  
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100